

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um bók Styrmis Gunnarssonar. 17



**TÍMAMÓT** Davíð Þór Jónsson, grínisti og prestur, er fimmtugur í dag. 18



**LÍFIÐ** Maðurinn sem farðar söngkonuna Lady Gaga kemur til Íslands. 34



**SPORT** Jón Arnór Stefánsson, fyrsti körfuboltamaðurinn í 48 ár. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
5. janúar 2015
3. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Grófu 4,5 kílómetra

Verktakar í Norðfjarðargöngum grófu samtals 4,5 kílómetra á síðasta ári, eða um 60 prósent af heildarlengd ganganna. Heitt vatn tafði framkvæmdir í Vaðlaheiðargöngum þar sem afköstin voru um tveir kílómetrar. 6

**Bylting í skattskilum** Á næstunni verður kynnt nýtt framtalsform sem flýtir enn frekar framtalsskilum Íslendinga. 2

**Neita að upplýsa um bætur** Ísafjarðarbær neitar að afhenda drög að samkomulagi vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslustöð sveitarfélagsins. 8

**Milljón fyrir farið** Sýrlenskir flóttamenn á skipinu Ezadeen greiddu á bilinu fjögur þúsund til átta þúsund dali fyrir farið. 10




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | SA | 7 |
| Akureyri | 1° | SA | 6 |
| Egilsstaðir | 3° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | SSA | 8 |
| Reykjavík | 1° | ASA | 7 |

**Hláka** Í dag ríkir SA-átt að mestu, víða 5-10 m/s en hvassara SA-lands og yst á Snæfellsnesi. Rigning eða slydda SA-til, él vestanlands en úrkomulítið NA-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk











**FYRSTI ÍSLENDINGURINN SEM VINNUR ÍSLAND Í HÖLLINNI** Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska landsliðsins í handbolta, með Aroni Kristjánssyni, þjálfara íslenska landsliðsins, í Laugardalshöllinni í gær þar sem Dagur varð fyrstur til að stýra öðru handboltalandsliði til sigurs á móti því íslenska í Höllinni. Sjá íþróttir síðu 28

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sex barnshafandi konur eru í óvissu

**Sex konur bíða þess að vita hvort þær komist í keisaraskurð á Landspítala. Óvissa er um aðgerðirnar vegna kjaradeilu lækna. Krísuástand er á spítölum landsins vegna verkfallsaðgerða að mati framkvæmdastjóra lækninga.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fresta hefur þurft ríflega 700 skurðaðgerðum, um 100 hjartaþræðingum, 800 myndgreiningarannsóknum og 3.000 dag- og göngudeildarkomum vegna verkfallsaðgerða lækna.

Sex konur bíða þess að fara í keisaraskurð í valkvæðar aðgerðir. Mögulega eiga þær ekki kost á að fara í þær á þeim tíma sem ákveðið var. Þetta eru þær tölur sem Landspítalinn getur birt um áhrif verkfallsins en á slíkri stofnun eru áhrifin mun víðtækari og hafa ómæld áhrif á líðan veikra í landinu enda hefur meðferð inniliggjandi sjúklinga frestast og hægt hefur verulega á útskriftum.

Þær barnshafandi konur sem um ræðir eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mjög uggandi. Ein þeirra er sett í lok vikunnar en telur líkur á að aðgerðinni verði frestað fram yfir helgi.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, segir stöðuna mjög alvarlega og konurnar sex sem bíði eftir keisaraskurði vera undir sérstöku eftirliti. „Það verður fylgst sérstaklega með þeim. Vissulega getur farið svo að tímasetningar truflist eitthvað og það verður passað að vera í nánu sambandi við þær.“

Engin fordæmi eru fyrir verkfallsaðgerðum eins og þeim sem hafa staðið yfir og Ólafur segir lán að engin dauðsföll eða alvarleg atvik hafi orðið. „Þetta hefur aldrei verið gert áður. Viðkvæm starfsemi eins og okkar má ekki við neinu af þessu tagi.“

Hann segir mikið verkefni fram undan. Vandi þeirra veiku sem bíða nauðsynlegrar þjónustu vindi upp á sig. „Líðan fólks á biðlistunum breytist og það gerir okkur erfitt fyrir að tryggja öryggi þeirra.“

Hann segir framkvæmdastjórnina funda daglega og taka púlsinn á stöðunni. Það sé ljóst að það muni verða bæði kostnaðarsamt og tímafrekt að vinda ofan af ástandinu.

„Þetta er krísuástand og við eigum engar töfralausnir til að bregðast við því ástandi sem nú ríkir. Það er barist frá degi til dags. Það á eftir að taka langan tíma að vinna þessa biðlista upp og það á eftir að kosta viðbótarfjármuni, sú vinna verður líklega að fara fram á kvöldin og um helgar.



> **Þetta er krísuástand og við eigum engar töfralausnir til að bregðast við því ástandi sem nú ríkir.**
>
> *Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga*

Það er flókið og það er kostnaðarsamt.“

Fundur samninganefndar lækna og ríkis hófst klukkan tvö í gær og stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar Læknafélags Íslands, sagði í gærkvöldi viðræður þokast áfram og eygði möguleika á því að deiluaðilar næðu saman.

Verkfall lækna sem starfa á aðgerðasviði og flæðasviði er boðað til fjögurra daga. Þá hefur verkfall skurðlækna verið boðað frá 12. janúar næstkomandi náist ekki að semja. Fundur í deilu þeirra hefur ekki verið boðaður. - kbg

Bílaleigur ráða framtíðinni:

## Rafbílar besti kosturinn

**SAMGÖNGUR** Rafbílar eru besti kosturinn til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að nýta vistvæna innlenda orkugjafa.

Þetta segir í greinargerð með tillögum starfshóps rafmagnsverkfræðideildar Verkfræðingafélags Íslands um stefnumótun ríkisstjórnarinnar í rafbílavæðingu fram til ársins 2025. Kaupi bílaleigur rafbíla gæti hlutfall þeirra aukist hratt. óká / sjá síðu 4




## SPURNING DAGSINS



Herdís, erum við búin að sprengja skalann?

**„Já, og það með hvelli.“**
Verði íslensk lög samræmd Evrópureglum er viðbúið að stærri flugeldar heyri sögunni til. Herdís Storgaard er verkefnastjóri um slysavarnir barna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segir að vinna við aðildarviðræður við ESB haldi ekki gildi sínu lengur:

# Boðar nýtt þingmál um Evrópusambandið

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráherra á von á nýrri tillögu um afturköllun aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu snemma á þessu ári.

Samningaviðræður síðustu ríkisstjórnar og ESB um viðamestu og flóknustu kaflana, sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, voru ekki hafnar þegar hlé var gert á þeim vorið 2013. Að öðru leyti voru þær ágætlega á veg komnar enda höfðu þær staðið í um 18 mánuði.

Sigmundur Davíð var gestur Sigurjóns M. Egilssonar í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun, þar sem hann sagði að sú vinna sem lögð hefði verið í umsóknina og viðræðurnar væri lítils virði í dag.

„Sú vinna heldur í rauninni ekki gildi sínu lengur. Bæði vegna breytinga hjá Evrópusambandinu og það samræmist ekki stefnu stjórnvalda að fallast á allt sem síðasta ríkisstjórn hefði verið tilbúin að fallast á,“ segir hann.

Ótækt sé þó að svo stórt mál sé látið hanga í lausu lofti. Mikilvægt sé að það sé borið undir Alþingi sem leiði það til lykta. Utanríkisráðherra hafi boðað að koma með nýja tillögu um að slíta viðræðunum sem lögð verði fram á vorþingi.

Í samtali við fréttastofu Stöðvar 2 í gær sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra að hans vilji væri að klára þetta mál sem fyrst. - þþ



**ÓNÝT VINNA** Sigmundur Davíð segir ríkisstjórnina ekki fallast á allt sem fyrri ríkisstjórn hafi gert. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ÍBÚAR KVADDIR** Heimsókn forsetahjónanna vakti mikla athygli. Bæði á Havaí og annars staðar. NORDICPHOTOS/AFP

Jólaleyfi Baracks Obama og eiginkonu hans lauk um helgina:

## Forsetahjónin snúa aftur heim

**BANDARÍKIN Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, og Michelle, eiginkona hans, veifuðu til stuðningsmanna sinna þegar þau gengu um borð í forsetaflugvélina, Air Force One, áður en þau flugu til Washington á laugardaginn. Hjónin voru í þriggja vikna leyfi á Havaí, en Obama er fæddur þar.** - jhh

# Skattskil voru 99,59% með rafrænum hætti

Innan tveggja ára mun pappírsframtalið heyra sögunni til með öllu. Enn meiri einföldun skattskila verður kynnt til sögunnar á næsta ári. Hagræði og sparnaði rafrænna skila er líkt við byltingu og eru hér mest á öllum Norðurlöndum.

**FJÁRMÁL** Innan tveggja ára munu rafræn skattskil leysa pappírsframtöl endanlega af hólmi. Árið 2014 voru pappírsframtöl aðeins rúmlega eitt þúsund og rafræn skil því 99,59% af heildarskilum. Enn meiri einföldun framtalsskila er í pípunum hjá skattayfirvöldum.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir að í raun megi halda því fram að pappírsframtöl heyri þegar sögunni til.

„Þó nokkur hluti þessara 1.060 framtala eru þeirra sem eru að hverfa úr landi, og því eru það aðeins tæplega 800 pappírsframtöl sem verið er að skila. Það er ákveðinn hópur, t.d. þeir sem vistast á stofnunum og hafa ekki aðgang að vélum, en í fyllingu tímans munum við liðsinna þessum hópi sérstaklega,“ segir Skúli.

Pappírsskilum hefur snarfækkað á síðustu þremur til fjórum árum og segir Skúli ástæðuna vera þá að embættið gerði átak í því að hafa samband við alla símleiðis sem töldu fram á pappír. „Í mörgum tilfellum er framtalsgerðinni lokið í gegnum síma, en það er einkum hjá fullorðnu fólki en þá eru allar upplýsingar komnar inn á framtalið og þá er engu öðru við það að bæta en að samþykkja framtalið.“

Á næsta ári verður kynnt til sögunnar nýtt framtalsform, rafræna framtalið í dag er í raun pappírsframtalið á rafrænum búningi. Þessu verður breytt og aukablöðin, sem fólk þekkir, felld inn í framtalið sjálft.

Vatnaskil urðu á þessu ári þegar framtalsskilin, og þá er allt talið bæði einstaklingar og lögaðilar, fóru yfir 99%, sem er hæsta hlutfall í rafrænum skilum á Norðurlöndum. „Markmið okkar er að gera öll skilin rafræn og með Leiðréttingunni má segja að í fyrsta skipti sé ákveðið stjórnsýsluverkefni rafrænt með öllu,“ segir Skúli.

Gríðarlegt hagræði hefur fylgt rafrænum skilum. Ekkert týnist og villur eru margfalt færri en áður var. Eftir að bankaupplýsingar komu sjálfkrafa inn á framtalið getur yfir helmingur framteljenda lokið framtalsgerðinni á nokkrum mínútum. „Fyrir 15 árum, ef það er rifjað upp, þá var þetta heilmikil athöfn – að safna saman upplýsingum og setjast svo niður eina kvöldstund sem fór í þetta – svo ekki sé talað um áhyggjur og ama sem menn höfðu af þessu,“ segir Skúli sem bætir við að leiðrétta hafi þurft mikinn hluta framtalanna eftir á. Þá megi fullyrða að þessi bylting spari hinum almenna borgara, fyrirtækjum og hinu opinbera mikla fjármuni.

svavar@frettabladid.is



**PAPPÍRSFJALL** Starfsmaður RSK í Hafnarfirði í pappírsflóði fyrri daga. MYND/RSK



**„Fyrir fimmtán árum, ef það er rifjað upp, þá var þetta heilmikil athöfn – að safna saman upplýsingum og setjast svo niður eina kvöldstund sem fór í þetta.**

*Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri*

Margir fara á svig við reglur:

## Netflix lokar á leyfislausa

**TÆKNI** Netflix vinnur nú að því, að beiðni kvikmyndaframleiðslufyrirtækja, að koma í veg fyrir að íbúar í löndum þar sem fyrirtækið starfar ekki geti fengið aðgang að þjónustu þess.

Fjölmargir fara fram hjá lokun Netflix með hinum ýmsu krókaleiðum. Þar á meðal fjöldi Íslendinga en talið er að allt að 20.000 heimili séu með aðgang að Netflix.

Í frétt á torrentfreak.com segir að fyrirtækið sé byrjað að prófa ýmsar leiðir til að loka alveg fyrir þjónustuna í löndum eins og á Íslandi. - kbg

Frans páfi mótar kirkjuna:

## Valdi tuttugu nýja kardínála

**VATÍKANIÐ** Frans páfi hefur valið 20 nýja kardínála frá fjórtán löndum, meðal annars kennimenn frá þróunarlöndum eins og Haítí, Eþíópíu og Búrkína Fasó. Páfinn segir að ákvörðun hans um að velja kardínála frá öllum heimsálfum sýni hin „órjúfanlegu tengsl“ Vatíkansins við kaþólskar kirkjur um allan heim.

Páfinn lýsti því einnig yfir að hann myndi stjórna fundi í febrúar þar sem kardínálar kirkjunnar ræða endurbætur á páfaráðinu, æðstu stjórn Vatíkansins. Val á kardínálum er oft talið vera sterkasta leiðin fyrir páfann til að móta kaþólsku kirkjuna. - þij


BRIDS SKÓLINN



skráning hafin á vornámskeið ...

stig 1 byrjendur
... hefst 26. janúar 8 mánudagar frá 20-23

stig 3 úrspil sagnhafa
... hefst 28. janúar 8 miðvikudagar frá 20-23

- Námskeið skólans eru haldin í Síðumúla 37 í Reykjavík, húsnæði Bridssambands Íslands.
- Hægt er að mæta stakur, í pari eða í hóp.
- Mörg stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá nánar á Netinu undir bridge.is.

Upplýsingar og innritun í síma 898-5427 frá 13-18 daglega.


Unnið er að breytingum á reglum um skotelda í innanríkisráðuneytinu:

# Reglur um skotelda hertar

**STJÓRNSÝSLA** Herða á reglur um flugelda hér á landi en í innanríkisráðuneytinu er unnið að breytingum á reglugerð.

Töluverð umræða hefur verið eftir áramótin um flugelda og slys tengd þeim. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 á laugardag var sagt frá þriggja ára stúlku sem slasaðist eftir eftir að hafa fengið flugeld í andlitið á gamlárskvöld þegar flugeldaterta féll á hliðina. Móðir stúlkunnar kallaði eftir því að lög og reglur um flugelda yrðu endurskoðaðar.

Í helgarblaði Fréttablaðsins sagði Herdís Storgaard, verkefnastjóri slysavarna hjá Miðstöð um slysavarnir barna, að stærstu flugeldarnir sem seldir væru til almennings hér á landi væru of stórir og hættulegir almenningi. Reglur Evrópusambandsins eru mun harðari þegar kemur að flugeldum en þær reglur sem gilda á Íslandi.

Innanríkisráðuneytið segir að til standi að leggja fram breytingar og taka upp reglur Evrópusambandsins um skotelda. Það feli í sér að reglur um skotelda verði hertar á Íslandi og þar með dregið úr krafti flugelda sem leyfðir verða. - lvp



**UM ÁRAMÓT** Margir mjög stórir flugeldar eru sprengdir hér um hver áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Völuteigur 17 -19 - Mosfellsbæ - Sími 660 0021

# Lager sprengja

Opið virka daga12-18:30
og laugardag 12-16






## Aðeins í nokkra daga
## Frábært tækifæri til að gera góð kaup!

# 20-50%
## afsláttur

af skiptidýnum,
eldri gerðum,
útlitsgölluðum
dýnum o.fl.
Nokkrar 180x210 cm
dýnur á sértilboði.



## Tilboð
á völdum vörum
í verslun meðan
á lagersölu stendur
t.d. sýningardýnum

**12 mán.**
vaxtalausar
greiðslur*

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

www.svefn.is

Svefn & heilsa

Lager: Völutegi 17-19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

## SVONA ERUM VIÐ



**215 míkrógrömm á rúmmetra var**

**styrkur svifryks í andrúmsloftinu fyrstu klukkustundina árið 2015, sem þýðir að mengun frá flugeldum þessi áramót var minni en í fyrra.**

Í fyrra mældist magn svifryks á Grensásvegi 245 míkrógrömm á rúmmetra, árið 2013 var hann 475 og árið 2012 var hann 1.014.

Vopnafjarðarhreppur hefur óskað eftir undanþágu frá vinnsluskyldu byggðakvóta á þessu fiskveiðiári:

# Telja vinnslu á Vopnafirði vel í sveit setta

**VOPNAFJÖRÐUR** Fiskvinnsla Vopnfisks á Vopnafirði telur sig í stakk búna til að taka við öllum þeim afla sem fyllir byggðakvótann sem Vopnafjarðarhreppur hefur fengið úthlutað á yfirstandandi fiskveiðiári og gagnrýnir fullyrðingar sveitarstjórnar um að ekki séu haldbær rök fyrir því að fiskvinnsla sé á Vopnafirði.

Vopnafjarðarhreppur fékk úthlutað 300 tonna byggðakvóta á yfirstandandi fiskveiðiári. Einnig færast frá fyrra fiskveiðiári um 250 tonn. Því geta vopnfirsk skip nýtt um 550 tonna byggðakvóta til 31. ágúst á þessu ári.

Vopnafjarðarhreppur hefur sent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu bréf og óskað eftir undanþágu frá vinnsluskyldu byggðakvóta og vill flytja aflann á markað eða vinna hann í öðru byggðarlagi.

Finnbogi Vikar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vopnfisks ehf. sem rekur fiskvinnslu á Vopnafirði, telur vinnsluna fullfæra um að taka á móti öllum þeim afla til vinnslu sem kemur í sveitarfélaginu. „Við settum upp vinnsluna síðasta vor og ákváðum að fara varlega fyrst um sinn, ráða ekki of marga starfsmenn og láta hlutina þróast hægt og rólega. Nú er staðan þannig að vinnslan er tilbúin að taka á móti öllum byggðakvóta og er fullfær um það. Hún er vel tækjum búin og er opin. Það er því ekki rétt hjá forsvarsmönnum hreppsins að ekki sé til staðar vinnsla,“ segir Finnbogi Vikar. - sa



**FRÁ VOPNAFIRÐI** Forsvarsmenn Vopnfisks ehf. telja sig geta unnið allan aflann í fullnýttum byggðakvóta.



**NAGLADEKK** Færri Reykvíkingar velja negld vetrardekk en áður.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Færri borgarbúar vilja nagla:

## Nagladekk á undanhaldi

**SAMGÖNGUR** Færri aka á nagladekkjum um götur Reykjavíkur en áður en tæplega sjötíu prósent ökumanna borgarinnar velja að aka ekki um á nagladekkjum. Þetta er niðurstaða talningar borgarinnar sem fram fór um miðjan síðasta mánuð.

Hlutur negldra dekkja í desember var 31 prósent en 32 prósent árið áður. Í nóvember voru 25 prósent dekkja negld en 28 prósent árið 2013.

Nagladekk eru leyfileg í Reykjavík á tímabilinu 1. nóvember til 15. apríl. - jóe

Flugeldum beint að bílum:

## Óvarlega farið með flugelda

**LÖGREGLUMÁL** Nokkuð var um tilkynningar til lögreglunnar um helgina varðandi óvarlega meðferð á flugeldum. Ýmist var verið að kveikja í þeim innandyra eða beina þeim í átt að ökutækjum, húsum eða vegfarendum.

Fékk lögregla tilkynningar um að kveikt hefði verið í flugeldum í bílakjöllurum í borginni.

Lögreglan brýnir fyrir einstaklingum að fara varlega með flugelda og beinir því til forráðamanna barna að hafa í huga að um sprengiefni er að ræða þegar þau fá að meðhöndla flugelda. - sa

# Raforka nærtækur og áhugaverður kostur fyrir Íslendinga

Starfshópur rafmagnsverkfræðideildar Verkfræðingafélagsins telur rafbíla vænlegasta kostinn fyrir Íslendinga til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Lagðar eru til áframhaldandi ívilnanir.

**SAMGÖNGUR** Hlutfall rafbíla á götum landsins gæti aukist hröðum skrefum byrji bílaleigur fyrir alvöru að kaupa rafbíla þegar þær endurnýja bílaflota sinn. Þetta kemur fram í greinargerð með tillögum starfshóps rafmagnsverkfræðideildar Verkfræðingafélags Ísland (RVFÍ) um stefnumótun ríkisstjórnarinnar í rafbílavæðingu fram til ársins 2025. Forsenda sé þó að þá verði komið upp net hraðhleðslustöðva um land allt.



**KRISTINN ANDERSEN**

Kristinn Andersen, formaður Verkfræðingafélagsins, auk Kjartans T. Hjörvar, formanns RVFÍ, og Árna B. Björnssonar, framkvæmdastjóra félagsins, afhentu Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, tillögurnar eftir ríkisstjórnarfund 30. desember.

„Verkfræðingar gegna lykilhlutverki í þróun nýrra leiða í samgöngutækni í heiminum og þar er notkun raforku nærtækur og áhugaverður kostur fyrir okkur Íslendinga eins og fram kemur í niðurstöðum starfshóps rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ,“ segir Kristinn.

Fram kemur í greinargerð starfshópsins að hann telji rafbíla vænlegasta kostinn fyrir Íslendinga til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og til að nýta vistvæna innlenda orkugjafa. Með því móti megi uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar landsins, svo sem um samdrátt í losun frá samgöngum. Bent er á að stjórnvöld stefni að orkuskiptum í samgöngum til lengri tíma að því að skipta alfarið út hefðbundnu jarðefnaeldsneyti (bensín/dísil). „Orkuskipti eru kostnaðarsöm, kalla á miklar fjárfestingar í innviðum og eru mikið átak fyrir hvert þjóðfélag að fara í gegnum. Í því ferli er hægt að gera mörg mistök og því mikilvægt að læra af reynslu annarra þjóða eins og Norðmanna,“ segir í greinargerðinni.

Hópurinn leggur til að opinberar ívilnanir vegna rafbíla gildi til ársloka 2025, eða fyrr, náist 10 prósenta markmið í rafbílavæðingu. Eftir það mætti leggja níu króna þjónustugjald á hvern ekinn kílómetra.

„Á þessu stigi rafbílavæðingar eru ívilnanir eins og afnám vörugjalda og niðurfelling virðisaukaskatts forsenda þess að einhver sala sé á rafbílum sem talandi er um. Ef þær verða felldar niður er fyrirsjáanlegt að sala rafbíla muni hreinlega stöðvast,“ segir í greinargerð hópsins. „Hæpið er að fyrirtæki sem starfar á viðskiptalegum forsendum fari að leggja í uppbyggingu innviða eins og hraðhleðslustöðva eða þjónustu til að mæta þörfum vegna rafbílavæðingar ef mikil óvissa leikur á um hvort ívilnanir standi.“

Núna bera rafbílar hvorki tolla né vörugjöld og enginn virðisaukaskattur er greiddur af fyrstu sex milljónunum í verði slíkra bíla. Hópurinn leggur til að hámarkið verði afnumið og því verði enginn virðisaukaskattur greiddur af bílunum, ekki verði lögð á þá innflutningsgjöld og enginn virðisaukaskattur greiddur af bílaleigu rafbíla. olikr@frettabladid.is



**HLEÐSLAN PRÓFUÐ** VFVÍ bendir á að nýja kynslóð af rafhlöðum megi fullhlaða á nokkrum mínútum og þær dragi allt að 1.000 kílómetra, auk þess að vera helmingi ódýrari en sambærilegar í dag. Þróun þeirra eigi þó eftir að taka nokkur ár. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rafbílar eru brotabrot af bílaflotanum

Talið er að aðeins um um 130 hreinir rafbílar séu skráðir á Íslandi í dag fyrir utan 150 svokallaða tví-afls rafmagns/bensínbíla, að því er fram kemur í greinargerð starfshóps RVFÍ. „Árið 2013 seldust aðeins um 50 rafbílar auk 16 svokallaðra tengiltvinnbíla sem má hlaða úr tengli og nýta raforku sem frumorkugjafa að hluta.“ 2014 hafi verð áætluð sala um 100 rafbíla og á þessu ári sé ráðgert að seljist um 400 rafbílar. „Því verða samtals komnir um 650 rafbílar á göturnar í árslok 2015.“ Það er innan við hálft prósent af bílaflota landsins og því langt í land að 10 prósenta markmiði verði náð.

Starfshópurinn bendir líka á að fljótlega verði að taka af skarið um hvort gilda skuli um rafbíla hér tilskipun ESB um innviði fyrir vistvænar samgöngur sem samþykktar voru síðasta vor. Í henni er tekið á þáttum á borð við hvaða staðlar skuli gilda og opinbera aðkomu að uppbyggingu hleðslustöðva. „Ákvörðun um þessi tilteknu atriði er til þess fallin að auka skilvirkni við uppbyggingu innviða fyrir rafbílavæðingu og er það hlutverk Mannvirkjastofnunar að koma með staðla og reglugerðir í þessu sambandi,“ segir í greinargerðinni.

Frábær tilboð á vinnuvélum



Tölva: 104.990 kr.*
Skjár: 32.990 kr.*

advania.is/vinnufelagar

Hafðu samband í síma 440 9010
eða í tölvupósti á sala@advania.is

advania
Welcome to IT

*Sérverð, gildir meðan birgðir endast.

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 3° | New York | 8° |
| Aþena | 8° | Gautaborg | 4° | Orlando | 22° |
| Basel | 7° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | -2° |
| Berlín | 4° | Las Palmas | 20° | París | 6° |
| Billund | 6° | London | 10° | San Francisco | 14° |
| Frankfurt | 2° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 0° |




**Á MORGUN** 3-8 m/s en hvassara V-til. Hvessir af suðaustri SV-til síðdegis.




**MIÐVIKUDAGUR** Strekkingur eða allhvasst sunnan til.

**UMHLEYPINGAR** Í dag ríkja suðlægar áttir, strekkingur yst á Snæfellsnesi, sunnan og suðaustan til en hægari vindur annars staðar. Úrkoma í flestum landshlutum, einkum suðaustanlands en síst norðan til og dregur úr til morguns.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# DREGIÐ 8. JANÚAR




# Viltu vinna íbúð?

## Við drögum út 30 milljóna króna íbúð að eigin vali 8. janúar.

➤ **90 milljónir í skattfrjálsum vinningum í janúar**
- íbúð að eigin vali að verðmæti 30 milljónir króna á tvöfaldan miða eða 30 milljónir í peningum
- 15 milljónir á einfaldan miða

Drögum út 47 þúsund vinninga á happdrættisárinu.
Heildarverðmæti vinninga á mánuði allt að 107 milljónir!

Miðaverð 1.300 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 2.600 fyrir tvöfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is**
**eða í síma 561 7757.**

HAPPDRÆTTI DAS 60 ÁRA

Í tilefni 60 ára afmælis Happdrættis DAS drögum við út í janúar glæsilega íbúð að eigin vali.
Fylgist með DAS á Facebook og á DAS.is



Fylgstu með okkur á Facebook

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 71974 12/14

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða brotum fækkaði mest árið 2014 samkvæmt lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu?
**2.** Í hvaða bæ á Íslandi gæti nú hafist þörungavinnsla?
**3.** Hvernig flugeldar seldust best á árinu?

**SVÖR**
**1.** Kynferðisbrotum **2.** Stykkishólmi
**3.** Stóru sprengjutertunnar

Forsætisráðherra segir mörg ráðuneyti sem sjálfstæðismenn fara með vera eftirsóknarverð:

# Útilokar ekki breytingar á ráðherraskipan

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra útilokar ekki að ráðuneytum verði skipt upp á milli stjórnarflokka. Þetta kom fram í þættinum Sprengisandi í gær en þar spurði Sigurjón M. Egilsson hann út í þessi mál. Tveir nýir ráðherrar tóku nýlega sæti í ríkisstjórn; Ólöf Nordal fer nú með innanríkismálin og Sigrún Magnúsdóttir fer með umhverfis- og auðlindamál.

Sigmundur Davíð segir engar ákvarðanir hafa verið teknar varðandi breytingar á skiptingu ráðneyta. Hann segir slíkar breytingar bæði hafa kosti og galla.

„Kosturinn við óbreytt fyrirkomulag er að það tekur hvern ráðherra alltaf ákveðinn tíma að komast inn í sinn málaflokk og vera með hann á hreinu þannig að hlutirnir gangi smurt fyrir sig. Svo er hitt að oft er ágætt að fá inn nýtt sjónarhorn og hrista aðeins upp í hlutunum. Þetta togast á og ég skal ekki segja hver niðurstaðan verður úr því en það er alveg möguleiki á einhverjum tilfærslum en það hafa engin sérstök drög verið lögð að því.“

Aðspurður segir hann sjálfstæðismenn vissulega fara með ýmis stór og mikilvæg ráðuneyti sem vissulega væri eftirsóknarvert að hafa. „Og við gerum ráð fyrir að þeim þyki það sama um þau ráðuneyti sem við erum með.“ **- skh**



**RÍKISRÁÐ** Ólöf Nordal var skipuð innanríkisráðherra á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STRÆTÓ** Það er vinsælt að kaupa miða með appinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strætó-appið endurbætt:

## 10.000 miðar á strætó-appinu

**STRÆTÓ** 10 þúsund strætómiðar hafa verið keyptir í gegnum Strætó-appið síðan það var uppfært þann 20. nóvember. Ýmsar endurbætur voru gerðar og nýjungum bætt við, til dæmis möguleikanum á að kaupa farmiða í gegnum appið. Þá nýtist miðinn einnig sem skiptimiði í 75 mínútur eftir að hann er virkjaður.

Einnig er hægt að senda farmiða úr einum síma í annan. Appið virkar í algengustu Android- og Apple-snjallsímum og -tækjum en til að byrja með er hægt að kaupa staka miða fyrir einn eða fleiri farþega á höfuðborgarsvæðinu. **- þij**

Róleg nótt hjá lögreglu:

## Unglingur vildi fá gistingu

**LÖGREGLUMÁL** Einn einstaklingur kom á lögreglustöðina við Hverfisgötu aðfaranótt sunnudags.

Sá var aðeins sautján ára og þar með barn samkvæmt lagabókstafnum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði því samband við barnaverndaryfirvöld í Reykjavík sem fundu fyrir hann skjól og frekari aðstoð.

Að öðru leyti var nóttin róleg hjá lögreglu í Reykjavík. Tilkynnt var um eitt minniháttar umferðaróhapp þar sem engin slys urðu á fólki. Einnig var tilkynnt um að maður hafði slegið annan í andlitið með gleríláti. Árásarmannsins er nú leitað. **- sa**

# Grófu helmingi meira en verktakar undir Vaðlaheiði

Verktakar í Norðfjarðargöngum grófu samtals 4,5 kílómetra á síðasta ári, eða um 60 prósent af heildarlengd ganganna. Heitt vatn tafði framkvæmdir í Vaðlaheiðargöngum þar sem afköstin voru um tveir kílómetrar.

**FRAMKVÆMDIR** Norðfjarðargöng við Eskifjörð lengdust um 4,5 kílómetra á síðasta ári, eða um helmingi meira en Vaðlaheiðargöng í Eyjafirði. Verktakar í Vaðlaheiðargöngum neyddust til að flýja heitt vatn í göngunum en veikburða setlög töfðu gangagerðina á Austurlandi.

„Það má segja að það hafi gengið þokkalega en þetta hefur þó verið sveiflukennt eins og gengur og gerist,“ segir Guðmundur Þór Björnsson, starfsmaður verkfræðistofunnar Hnits sem fer með umsjón og eftirlit með framkvæmdum vegna Norðfjarðarganga.

Búið er að grafa um 64 prósent af heildarlengd Norðfjarðarganga, alls 4,8 kílómetra, og er unnið bæði frá Eskifirði og Fannardal Norðfjarðarmegin. Verkið er á áætlun og að sögn Guðmundar er ekkert sem bendir til þess að göngin verði ekki opnuð haustið 2017.

„Það má þó segja að verktakinn hafði væntingar um að vera búinn að grafa meira en komið er. Við höfum lent í erfiðum setlögum, sérstaklega Eskifjarðarmegin, sem kölluðu á hæga yfirferð og miklar styrkingar. En við höfum ekki lent í neinum vandamálum með vatn eða neitt annað óvenjulegt,“ segir Guðmundur.

Í febrúar í fyrra opnaðist stór heitavatnssprunga í Vaðlaheiðargöngum og síðan þá hafa minni sprungur opnast Eyjafjarðarmegin. Verktakar þar áttu í kjölfarið erfitt með að vinna fullan vinnudag sökum hita og raka. Því var ákveðið að færa tæki og tól yfir í Fnjóskadal þar sem gangagerð hófst í byrjun september.



**VALGEIR BERGMANN**

„Ég segi ekki að þetta sé einstakt í sögu gangagerðar hér á landi en það er mjög óvenjulegt að lenda í svona miklu magni af heitu vatni. Þetta hefur tafið framkvæmdina talsvert og nú er líklegt að verklok verði vorið 2017 en ekki hálfu ári áður eins og upphaflega var áætlað,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri verkkaupans Vaðlaheiðarganga hf.

„Vatnið og hitinn sem af því kemur leiddi til þess að við þurftum að fara í mun meiri bergþéttingar Eyjafjarðarmegin en áætlað var,“ bætir Valgeir við.

Vaðlaheiðargöng lengdust um rúma tvo kílómetra á síðasta ári en þau eru nú 3,4 kílómetra löng. Valgeir vonar að framkvæmdir í Eyjafirði geti hafist aftur á næstu tveimur til þremur mánuðum. Ekki hefur tekist að loka stóru sprungunni, eins og Fréttablaðið hefur greint frá, en tekist hefur að minnka vatnsstrauminn úr sprungunni um 80 prósent, og nú er unnið að því að leiða vatnið út úr göngunum í rörum.

„Við bindum miklar vonir við að rakastigið og hitinn lækki með bergþéttingunni og rörunum. Síðan er í skoðun að stækka loftræstikerfið. Við munum því sigra þetta fjall en það mun líklega taka aðeins lengri tíma,“ segir Valgeir.

haraldur@frettabladid.is



**HEITA VATNIÐ Í RÖR** Búið er að grafa um 48 prósent af heildarlengd Vaðlaheiðarganga. MYND/VALGEIR

## JARÐGANGAGERÐ Á ÁRINU 2014

### ➔ Tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal saman




**Vaðlaheiðargöng**
Fyrsta sprenging **3. júlí 2013**
Áætluð verklok **vor 2017**
Heildarlengd **7,2 kílómetrar**

### ➔ Tengja Eskifjörð og Neskaupstað saman




**Norðfjarðargöng**
Fyrsta sprenging **14. nóvember 2013**
Áætluð verklok **haust 2017**
Heildarlengd **7,6 kílómetrar**






Fundist hafa 34 lík farþega ásamt fimm stórum hlutum úr flugvél AirAsia:

# Fjögur lík fundin til viðbótar

**INDÓNESÍA** Leitarsveitir hafa nú fundið fjögur lík til viðbótar úr farþegaflugvél flugfélagsins AirAsia í Jövuhafi. Alls hafa 34 lík fundist ásamt fimm stórum hlutum flugvélarinnar.

Vélin hrapaði í hafið skammt frá eyjunni Borneó í síðustu viku en vélin var á leið frá Indónesíu til Singapúr þegar hún hvarf af ratsjám. 162 manns voru um borð í vélinni og flestir frá Indónesíu.

Kafarar hafa þurft að fresta leitinni að skrokki vélarinnar vegna slæms veðurs en talið er að flest líkin séu föst þar. Talið er að slæmt veður hafi verið helsta ástæðan fyrir því að vélin hrapaði en enn á eftir að finna svarta kassann úr flugvélinni sem skráir samskipti í flugstjórnarklefanum.

Flugvélin var í næstum 10.000 metra hæð þegar flugstjórinn bað um að fá að hækka flugið í 11.500 metra til að forðast slæmt veður. Það voru seinustu samskipti flugstjórans við stjórnstöð flugvallarins.

Næstum því 30 skip taka nú þátt í leitinni ásamt sex flugvélum, fjórtán þyrlum og hópi rússneskra og indónesískra kafara. „Við erum í kappi við tímann og veðrið í þessari leit,“ sagði formaður björgunarsveita Indónesíu, Tatang Zainudin. **- þij**



**HALDA ÁFRAM LEIT** Indónesískir hermenn bera lík farþega. NORDICPHOTOS/GETTY




**www.promennt.is**

# OPIÐ FYRIR SKRÁNINGAR Á VORÖNN 2015

**Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða og námsbrauta. Þeir sem vilja bæta við sig þekkingu með upplýsingatæknina að vopni ættu ekki að láta þetta framhjá sér fara.**

**Brot af námsúrvali Promennt. Sjá nánar á promennt.is**

## FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUNÁM

Öflug námsbraut sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Þetta nám hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Þetta nám er einnig tilvalið sem grunnur fyrir frekara nám.

### VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

- Námstækni og verkefnastjórnun með MindManager (forritið, að verðmæti 32.000 kr., fylgir frítt með).
- Tölvugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla. Ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint og Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag.
- Viðskiptagreinar: Verslunarreikningur, virðisaukaskattur og meðferð VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Tollskýrslugerð.

Hefst **28. janúar** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **200 std.** • Verð: **167.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **27.834 kr.** á mánuði

## BÓKHALD – GRUNNUR

Hnitmiðað nám fyrir starfandi skrifstofu- og verslunarfólk eða þá sem hafa hug á að starfa á þeim vettvangi. Námið hentar einnig einstaklingum með sjálfstæðan atvinnurekstur og þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið.

Hefst **27. febrúar** • Morgun- og kvöldhópur • Lengd: **110 std.** • Verð: **124.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **20.667 kr.** á mánuði

## BÓKARANÁM FYRIR LENGRA KOMNA

Viltu dýpka þekkingu þína í bókhaldi eða ertu jafnvel á leiðinni í námið Viðurkenndur bókari? Þá er þetta kjörinn undirbúningur fyrir þig!
Bókaranám fyrir lengra komna er hagnýtt framhaldsnámskeið í bókhaldi sem hentar þeim sem hafa einhverja bókhaldsreynslu eða hafa lokið tölvu-, skrifstofu- og bókhaldsnámi og vilja ná dýpri þekkingu og færni í bókhaldi. Námskeiðið er einnig hugsað sem aðfararnám fyrir þá sem stefna á námið Viðurkenndur bókari.
*Kennsla fer að mestu leyti fram í formi verklegra æfinga með raunhæfum verkefnum.*

Hefst **10. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **100std.** • Verð: **124.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **20.667 kr.** á mánuði

## MARKAÐS- OG SÖLUNÁM, HRAÐFERÐ

Sérstök áhersla á upplýsingatækni og stafræna markaðssetningu. Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er.

Hefst **12. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **156 std.** • Verð: **174.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **29.000 kr.** á mánuði

## GRAFÍSK HÖNNUN

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám í grafískri hönnun ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi (t.d. á háskólastigi). Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Kennt er á forritin Photoshop, Illustrator og InDesign.

Hefst **3. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **105 std.** • Verð: **169.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **28.167 kr.** á mánuði

## VEFSÍÐUGERÐ – ALLUR PAKKINN

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.
Viðfangsefni: Photoshop, HTML og CSS, Dreamweaver, WordPress og lokaverkefni.

Hefst **9. febrúar** • Kvöldhópur • Lengd: **115 std.** • Verð: **147.000 kr.**
Vaxtalausar léttgreiðslur í 6 mánuði **24.500 kr.** á mánuði

EQM VOTTUN
*Gæðavottun fræðsluaðila*

MICROSOFT VOTTUN
*Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

FJARKENNSLA Í BEINNI
*Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

DAG- OG KVÖLDNÁM
*Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*

**PROMENNT**
**Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is**

Skráning fer fram á **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA •

Nýtur stuðnings hirðarinnar:

# Prins sakaður um nauðgun

**BRETLAND** Andrés Bretaprins hafnar ásökunum um að hafa nauðgað ólögráða stúlku. Prinsinn nýtur stuðnings konungshirðarinnar.

Ásakanir á hendur Andrési birtust í dómsskjölum vegna máls sem rekið er á hendur auðjöfrinum Jeffrey Epstein. Talsmenn hirðarinnar sendu tvisvar frá sér yfirlýsingu um helgina. Í seinni yfirlýsingunni segir að enginn grundvöllur sé fyrir ásökunum. - jhh

Norður-kóresk stjórnvöld segja Bandaríkjamenn skapa sér ástæðulausa óvild með viðskiptaþvingunum:

# Harðorðir í garð bandarískra stjórnvalda

**NORÐUR-KÓREA** Ríkisstjórn Norður-Kóreu segir nýsettar viðskiptaþvinganir Bandaríkjanna gegn landinu vera lið í fjandsamlegri og ögrandi utanríkisstefnu þeirra.

Bandaríkin samþykktu viðskiptaþvinganir gegn þremur stofnunum og tíu einstaklingum í Norður-Kóreu eftir tölvuárás á kvikmyndafyrirtækið Sony vegna útgáfu á grínmyndinni The Interview, þar sem leiðtogi Norður-Kóreu er ráðinn af dögum. Ríkisstjórn Norður-Kóreu hefur reyndar neitað aðild að árásinni en kallaði hana jafnframt „réttláta aðgerð“.

Þetta er líklega í fyrsta skiptið sem Bandaríkin refsa öðru landi fyrir netárásir gegn bandarísku fyrirtæki. Samkvæmt tilkynningu frá Hvíta húsinu tengjast þeir aðilar sem beittir eru viðskiptaþvingunum netárásinni ekki beint en þær beinast meðal annars gegn leyniþjónustu Norður-Kóreu, stærsta vopnaframleiðenda ríkisins og nokkrum norðurkóreskum stjórnmálamönnum.

„Stefnan sem Bandaríkjastjórn tekur stöðugt til að bæla niður norðurkóreska lýðveldið skapar ástæðulausa óvild gegn ríkinu og styrkir aðeins vilja og ásetning þess til að verja sjálfstæði sitt,“ sagði í tilkynningu frá ríkisfjölmiðli Norður-Kóreu. „Hinar stöðugu og einhliða aðgerðir Hvíta hússins sem leggja „viðskiptabann“ á Norður-Kóreu sanna greinilega að Bandaríkjastjórn sé ekki enn hætt að sýna lýðveldinu rótgróna andstyggð og óvild.“ - þij



**KIM-JONG UN** Leiðtoga Norður-Kóreu var ekki skemmt yfir grínmyndinni The Interview.








**FUNI** Sorpbrennslunni var lokað eftir að í ljós kom að eiturefni bárust frá henni út í umhverfið og inn Engidal. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Neita að upplýsa um bætur fyrir mengun

Ísafjarðarbær neitar að afhenda drög að samkomulagi vegna díoxínmengunar frá sorpbrennslustöð sveitarfélagsins. Bóndinn í Engidal segir enn deilt um upphæðir og bótatímabil. Búskapur lagðist af vegna mengunarinnar en er nú hafinn að nýju.

**UMHVERFISMÁL** „Ég á ekkert hlut að þessu,“ segir Steingrímur Jónsson í Efri-Engidal um drög að samkomulagi um bætur vegna díoxínmengunar sem bæjarráð Ísafjarðar hefur samþykkt.

Greint var frá díoxínmengun í mjólk frá Efri-Engidal um miðjan desember 2010. Mengunin reyndist einnig vera í kjöti frá Efri-Engidal og frá nokkrum frístundabændum á svæðinu. Í skýrslu Matvælastofnunar um málið kemur fram að díoxín sé meðal eitruðustu efna sem til eru og að efnið brotni mjög hægt niður í náttúrunni. Ljóst var að mengunin stafaði frá sorpbrennslunni Funa sem Ísafjarðarbær starfrækti í Engidal en var lokað í lok desember 2010. Brennslan var á undanþágu vegna díoxínmengunarinnar sem árið 2007 mældist tuttugufalt yfir viðmiðunarmörkum.

„Þetta er búin að vera fjögurra ára þrautaganga,“ segir Steingrímur Jónsson, sem kveður málið enn ekki í höfn þótt bæjarráðið hafi samþykkt drög að samkomulagi sem hann kveður byggt á niðurstöðu matsmanna sveitarfélagsins.

„Þeir eru bara búnir að samþykkja einhver drög og það vantar helling í þau,“ segir Steingrímur sem kveður enn ágreining um upphæðir og til hvaða tímabils bæturnar taki.

„Þeir vilja bara taka tvö og hálft ár,“ segir Steingrímur sem sjálfur telur skaðann ná til lengra tímabils. Hann hafi misst atvinnuna þegar bústofn hans allur, áttatíu kindur og tuttugu nautgripir, var felldur bótalaust vorið 2011. „Ég varð bara að fara að leita mér að vinnu og hef verið vélstjóri til sjós.“

Sumarið eftir að mengunarinnar varð vart var gerð tilraun til að beita fé í Efri-Engidal. Steingrímur segir að hækkandi gildi díoxíns hafi mælst í skepnunum eftir tvo til þrjá mánuði. Fyrir utan að vatn hafi verið skoðað og reynst í lagi hafi eiturmagnið ekki verið rannsakað; hvorki í gróðri né í bleikju sem veiðist í landi hans.

> **Þetta er búin að vera fjögurra ára þrautaganga.**
> *Steingrímur Jónsson í Efri-Engidal.*

„Ég byrjaði aftur í fyrrahaust með nokkrar skepnur,“ segir Steingrímur sem kveður yfirvöld hafa gefið út að hefja mætti sauðfjárbúskap að nýju. Díoxín í þeim skepnum sem hann haldi nú hafi ekki verið mælt. Mengunin hljóti nú að vera yfirstaðin.

Ísafjarðarbær neitar að afhenda fyrrnefnd drög að samkomulagi um bætur vegna díoxínmengunarinnar. Vísað er í þá grein laga um upplýsingamál sem kveður á um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna. gar@frettabladid.is

Borgarstjórinn í New York reitti marga lögreglumenn þar í borg til reiði:

# Fjöldi var viðstaddur jarðarför

**NEW YORK** Fjöldi óbreyttra borgara og lögregluþjóna mætti í jarðarför annars lögreglumannsins sem skotinn var til bana í New York ásamt samstarfsmanni sínum í síðasta mánuði.

Minning lögreglumannsins Wenjian Liu var heiðruð með athöfn að sið búddista en jarðarför samstarfsmanns hans, Rafaels Ramos, í síðustu viku var ein sú stærsta í sögu lögreglunnar í New York.

Eftir mikla reiði í samfélaginu vegna morða hvítra lögreglumanna á óvopnuðum svörtum mönnum voru lögreglumennirnir tveir skotnir til bana þar sem þeir sátu í bíl sínum þann 20. desember og framdi skotmaðurinn síðan sjálfsmorð.

Bill de Blasio, borgarstjóri í New York, vakti reiði margra lögreglumanna þegar hann virtist styðja mótmælin gegn framferði þeirra en gjáin sem myndast hefur á milli hans og lögreglunnar varð greinileg í jarðarför Ramos.




**RAFAEL RAMOS OG WENJIAN LIU** Lögreglumennirnir voru skotnir til bana 20. desember NORDICPHOTOS/GETTY

Þá voru meira en 20.000 lögreglumenn viðstaddir en fjölmargir þeirra sneru bakinu í borgarstjórann á meðan hann flutti ræðu sína. - þij


Nýárssprengja!
Töfrahorn
hnífaparabakkar
Stálvaskar
Blöndunartæki
Hálfmánar
20-70% Afsláttur
20-70% Afsláttur
Eldhúsinnréttingar, 65% afsláttur af sýningareintökum
Sturtustangasett
Sturtuhorn
Baðfylgihlutir
Speglar
Baðinnréttingar
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Rúnstykki 60 prósent dýrari:

## Hækkaði verð í áttatíu krónur

**NEYTENDUR** Sigurður Már Guðjónsson, bakarameistari í Bernhöftsbakaríi, hækkaði verð á rúnstykkjum um 30 krónur um helgina. Þau höfðu kostað 50 krónur í um áratug. Sigurður sagði við Vísi að ástæðan væri hækkun virðisaukaskatts.

Sigurður bendir á að rekstrarstaða bakaría hafi versnað mjög á síðustu árum og hefur bakaríum á landinu fækkað um meira en þrjátíu frá árinu 1984. - skh

Kanslari Þýskalands vill að Grikkland hverfi úr evrusamstarfinu ef stjórnarskipti verða í lok mánaðar:

# Óbreytt stjórn forsenda fyrir aðild Grikkja

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, gæti þrýst á um að Grikkland hætti í evrusamstarfinu, ef ný ríkisstjórn tekur við völdum í Grikklandi. Kosið verður eftir þrjár vikur.

Þýska blaðið Der Spiegel hefur eftir heimildarmönnum sínum að verði Alexis Tsipras, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Grikklandi, oddviti ríkisstjórnar að kosningum loknum yrði ríkinu ekki stætt að taka þátt í evrusamstarfinu. Der Spiegel segir að Merkel og Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, telji ekki lengur að það verði svo hættulegt fyrir evrusamstarfið að þátttöku Grikkja í því myndi ljúka. Gríska þingið var rofið á miðvikudag, en kosið verður þann 25. janúar. Ríkisfjármálin þar hafa verið ákaflega erfið að undanförnu. Mikið hefur verið skorið niður á nýliðnum árum til þess að ríkið gæti uppfyllt skilyrði Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir neyðarlánum sem hafa verið veitt.

Talsmenn Alternative für Deutschland, sem berst gegn aðild Þýskalands að Evrópusambandinu, fagna þessum breyttu áherslu Merkel. „Ég fagna því að Merkel og Schäuble skuli viðurkenna að Grikkir geti yfirgefið evrusamstarfið,“ sagði Bernd Lucke, formaður flokksins, við þýsku DPA-fréttastofuna. - jhh



**KANSLARINN** Afstaða Merkel til þátttöku Grikkja í evrusamstarfinu er sögð hafa breyst. NORDICPHOTOS/AFP

Brautryðjandi er látinn:

## Edward Brooke látinn 95 ára

**BANDARÍKIN** Edward W. Brooke, sem var öldungadeildarþingmaður repúblikana, er látinn á 96. aldursári.

Brooke var fyrsti þeldökki Bandaríkjamaðurinn til þess að sigra í kosningum til öldungadeildar bandaríska þingsins. Brooke var fyrst kosinn á þing árið 1966. Hann var aðeins einn níu þeldökkra þingmanna sem hafa setið í öldungadeildinni.



**EDWARD W. BROOKE**

Þegar Barack Obama var kosinn forseti árið 2008 lét Brooke hafa það eftir sér að hann væri þakklátur guði fyrir að hafa lifað þann sögulega atburð. Obama minntist Brookes sem manns sem ruddi brautina fyrir aðra blökkumenn og barðist fyrir borgaralegum réttindum svartra. - sa

Mikill eldur í íbúð í Noregi:

## Þrír létust í eldsvoða

**NOREGUR** Þrír létust í eldsvoða í heimahúsi í Neðri-Eiker í Noregi í gær.

Olav Myrvold yfirlögregluþjónn segir að lögreglan hafi fengið tilkynningu um eldinn klukkan 22 mínútur í sex að staðartíma. „Þegar slökkviliðið kom á staðinn var húsið alelda og þegar við komum inn í íbúðina fundum við þrjá látna,“ sagði Myrvold við norska ríkisútvarpið.

Um klukkan sjö að staðartíma blossaði aftur upp eldur í íbúðinni og tilkynnt var að eldurinn kynni að læðast bæði í nærliggjandi íbúðir og í hús í nágrenninu. Íbúar þurftu að yfirgefa heimili sín vegna þessa. - jhh



**BREIÐUR ALDURSHÓPUR** Hér heldur kona á ungu barni sínu eftir að skipið lagði að höfn á föstudaginn. NORDICPHOTOS/AFP



**FARÞEGAR Á SKIPINU** Talið er að farþegarnir hafi komið um borð í skipið í Tyrklandi. Vistarverur þeirra voru ekki glæsilegar. NORDICPHOTOS/AFP

# Greiddu allt að einni milljón króna fyrir far með Ezadeen

Sýrlenskir flóttamenn á skipinu Ezadeen greiddu á bilinu fjögur þúsund til átta þúsund dali fyrir farið. Tekjur af flutningunum er taldar nema yfir þremur milljónum dala. Farþegum á skipinu var bjargað á föstudaginn.

**ÍTALÍA** Ítalska lögreglan telur að áhöfnin á skipinu Ezadeen hafi innheimt þrjár milljónir Bandaríkjadala, eða rúmlega 380 milljónir króna, fyrir að taka 359 flóttamenn um borð í skipið.

Áhöfnin á Tý tók þátt í að bjarga fólkinu aðfaranótt föstudags eftir að það var skilið eftir á stjórnlausu skipinu. Áhöfnin var þá á bak og burt.

Týr dró Ezadeen inn í höfnina í Corigliano Calabro. Í ljós kom að flestir þeirra sem voru um borð í skipinu eru Sýrlendingar. Þetta var í annað skiptið sem flóttamannaskip hafði komið til Ítalíu í vikunni. Fréttastofa breska ríkisútvarpsins, BBC, segir að bæði skipin hafi látið úr höfn í Tyrklandi.

Luigi Liguori, lögreglustjóri í Cosenza-héraðinu á Ítalíu, segir að hver og einn flóttamaður hafi greitt á bilinu fjögur þúsund til átta þúsund dali fyrir far með skipinu, eða á bilinu 500 þúsund og allt upp í eina milljón króna. Lögreglan segir að áhöfn skipsins hafi borið klæði til að hylja andlit sín og lokað flóttamennina inni í skipinu. Svo stímdu áhöfnin skipinu að landi en flúði sjálf af hólmi í björgunarbát.

Alls voru 796 flóttamenn í fyrra skipinu sem kom til Ítalíu í liðinni viku, Blue Sky M. Strandgæslan sigldi skipinu til hafnar í Gallipoli.

Ólöglegum flóttamönnum á Evrópusambandssvæðinu hefur fjölgað eftir að borgarastyrjöld hófst í Sýrlandi. Talið er að á síðasta ári hafi 3.500 flóttamenn látið lífið við að reyna að komast yfir Miðjarðarhafið, en 200 þúsund manns verið bjargað.

Gæslan varð vör við Ezadeen á fimmtudagskvöld og kom það til hafnar á föstudagskvöldinu. Farþegar eru sagðir vel á sig komnir og um helgina var verið að koma þeim fyrir á heimilum fyrir flóttamenn víðs vegar á Ítalíu.

Liguori lögreglustjóri segir að sú breyting hafi orðið að þjóðfélagsstaða flóttamannanna sem komi til Ítalíu um þessar mundir sé betri en þeirra sem hafi áður komið.

„Þeir eru í betri stöðu félagslega. Þeir eru betur klæddir og eru skipulagðari, og það má segja að þeir séu ekki eins örvilnaðir og þeir flóttamenn sem við erum vanir að sjá,“ sagði Liguori við BBC-fréttastofuna.

jonhakon@frettabladid.is



# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

mikið úrval af fataefni og metravöru!

allt að **60%** afsláttur



BASIC FRÁBÆRT VERÐ

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

mascot

allt að **44%** afsláttur



**140 X 200 SM. FULLT VERÐ: 8.995**

## 4.995

Þyngd: 1250 gr. Þvottur: 40°C

**PRELUDE THERMOSÆNG**

Góð holtrefjasæng á frábæru verði! Stærðir: 140 x 200 sm. **8.995** nú **4.995**
140 x 220 sm. **9.995** nú **5.995**
Vnr. 10000920

# ÚTSALA SPARIÐ ALLT AÐ 75%

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR





**50%** afsláttur

**FULLT VERÐ: 199.950**

## 99.950

**RUSSELL TUNGUSÓFI**

Flottur, svartur tungusófi með PELLISIMA leðri á frábæru verði!
Stærð: B260 x H80 x D160 sm. Hægt að fá með tungu hægra eða vinstra megin. Vnr. 8880000661



**46%** afsláttur

**FULLT VERÐ: 14.950**

## 7.950

**KEMI STÓLL**

Glæsilegur stóll með PU áklæði.
Fáanlegur í nokkrum mismunandi litum.
Vnr. 708-14-1029

**NÚ VERÐ FRÁ:**

## 775



**40%** afsláttur

**BOX ONE PLASTKASSAR**

Góðir plastkassar með smelltu loki.
32 lítra á hjólum **1.295** nú **775** 40 lítra á hjólum **1.995** nú **1.195**
75 lítra **3.495** nú **2.095** 145 lítra **5.995** nú **3.595**
Vnr. 5710255101401



**50%** afsláttur

**FULLT VERÐ: 7.995**

## 3.995

**CRUISE FERÐATÖSKUR**

Fást í svörtu og fjólubláu. Hæð: 57 sm.
Vnr. 3930101, 3930201



**MINNAST HINS LÁTNA** Ættingjar minntust í gær Hendra Gunawan Sawal. Hann var einn þeirra sem fórust með flugvél Air Asia, sem hrapaði í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS





**SKÓGARELDAR LOGA** Talið er að hið minnsta 30 heimili hafi orðið eldi að bráð í miklum skógareldum í suðurhluta Ástralíu. Þetta eru verstu skógareldar sem þar hafa logað í 30 ár. NORDICPHOTOS/AFP



**PÁFINN HEILSAR** Frans páfi veifaði til almennings frá svölum bókasafnsins í Vatíkaninu eftir messu í gær. Páfinn ætlar að tilnefna 20 nýja kardínála þann 14. febrúar næstkomandi. NORDICPHOTOS/AFP



**SPÁMANNSINS MINNST** Pakistanskir karlmenn í Rawalpindi bera eftirlíkingu af Kaaba, heilögum minnisvarða sem staðsettur er í Mekka. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁRÁS Á TALIBANA** Félagi í afganskri hersveit lét skotin vaða í árás gegn talibönum á laugardaginn. NORDICPHOTOS/AFP



**SNJÓR Í ÞÝSKALANDI** Þjóðverjar hafa fengið nægt tækifæri til að skella sér á skíði að undanförnu. NORDICPHOTOS/AFP



# > Vel sjóaðir reynsluboltar

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip eru stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

SAMSKIP

Saman náum við árangri

www.samskip.is

# TÍMAMÓTA ÚTSAL

## Ríflegur afsláttur af

**Flísar**
80 tegundir
**20-50%**
AFSLÁTTUR

Töfrasproti – Blandari
~~1.867~~
**1.400**

Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu
40w 1,3l.
~~3.942~~
**2.957**

**30%**
**Lavor háþrýstidæla STM 160**
Made by Lavor
- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

~~28.642~~
**20.050**

Rafmagnshita-
blásari 2Kw
~~2.164~~
**1.623**

**Strekkibönd og Casters hjól**
**30%**
AFSLÁTTUR

Drive 12V Li Ion
rafhlöðuborvél
~~5.918~~
**4.734**

GMC 14,4V 1,2Ah með
aukarafhlöðu, stiglaus hraði,
BMC taska
~~5.990~~
**3.894**

Lokað slönguhjól 20m 1/2"
~~9.780~~
**7.335**

LFD105TA
Stáltrappa 2 þrep
~~4.690~~
**3.752**

Asaki AM18DWE Asaki
borvél 18V Ni-CD 2,0ah
~~16.990~~
**12.743**

Asaki AN 871 slípirokkur
180 mm 2200W
~~13.890~~
**10.418**

Drive toppasett 17 stk 1/4"
~~990~~ **743**

ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion
2,8Ah 38Nm 2 hraðar
~~38.990~~
**29.243**

Asaki ALM 14 DW, 2hraða borvél
14,4V Ni-CD 2,0AH
~~16.990~~
**12.743**

Asaki ALB 10DB, bor/skrúfvél,
10,4V LiIon rafhlaða
~~15.990~~
**11.993**

**25%**
San-SM-RLB01
stubbastækkari
~~2.290~~ **1.718**
einnig 2 þrepa **3.590,-**

Límbyssa í tösku
~~1.571~~ **1.178**

Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L
1000W, 50 lítrar
~~26.677~~
**21.340**

Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
20 metra
~~12.834~~
**9.626**

Drive Fjölnotatæki 300W
**5.921** ~~7.894~~

**5.921**
Hraðastilltur slípi-
& bónrokkur 1100W
~~7.894~~

Drive160 L steypuhrærivél
~~39.510~~
**31.608**

Búkki – Vinnuborð
stillanlegt (E)
~~3.942~~
**2.957**

Kapalkefli 25 metrar
~~5.790~~
**4.632**

Járnbúkkar sett=2 stykki
~~4.930~~ **3.698**

**Drive LG3-70A**
1800W flísasög
86x57cm borð
~~139.900~~ **96.256**

**25%**
**Drive DIY** 500mm flísaskeri
~~8.990~~ **6.743**

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma*

# A Í MÚRBÚÐINNI !

## MÚRBÚÐARVERÐI – það er gott verð



Rafhlöðuborvél með höggi, HDA2544 18V
~~17.685~~
**14.148**



Drive hornalaser 90 gráður
~~12.450~~
**9.960**



- Handlaugar **20-50%**
- Handlaugartæki **25%** Vitra **15-40%**
- Sturtuklefar og sturtuhorn **15-40%**
- Hitastýrð blöndunartæki **25%**
- Sturtusett m/hitastýrðu tæki **25%**
- Baðherbergisflísar **20-50%**
- Náttúrusteinsvaskar **30-50%**
- Stálvaskar **20-30%**
- Skolvaskar **20%**



**25%**

**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
~~17.685~~
**13.264**

**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
~~14.810~~
**11.108**

**Guoren** TLY Sturtusett
~~47.414~~
**35.561**



**25%** Úrval af WC fylgihlutum. Króm og burstað stál.

~~3.190.-~~ **2.393**
~~2.990.-~~ **2.243**
~~1.690.-~~ **1.268**
~~3.790.-~~ **2.841**
~~2.490.-~~ **1.868**
5 lítrar
~~2.290.-~~ **1.718**
~~1.490.-~~ **1.118**
~~1.590.-~~ **1.193**
~~1.590.-~~ **1.193**



**30%**
S805-4L 170CM ál snjóskafa
~~1.990~~
**1.393**



T38 Vinnuljós
~~5.590~~
**4.193**



Ryco LDL-MD418A lampi m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm með perum
~~7.894~~ **5.131**



**20%**
Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál ~~18.673~~
**14.938**



**15%** AFSLÁTTUR

## BOZZ sturtuklefi

80x80cm ~~43.372~~
**36.866**

Einnig eru til rúnnaðir klefar 90x90 á **kr. 38.547** með 15% afslætti



W&M PF209D sturtuhorn 90 cm
~~54.990~~
**38.493**
**30%**
4cm SMC botn



6 mm Hert öryggisgler
**25%**
FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm
~~34.690~~
**26.018**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18 |

Meiri gæði — Lægra verð — MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

r k s v e r ð i f y r i r a l l a , a l l t a f . G e r i ð v e r ð - o g g æ ð a s a m a n b u r ð !

Forsætisráðherra boðar afturköllun ESB-umsóknar:

# Ætla að slökkva á öndunarvélinni

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar mun efna til átaka og árekstra um hvort kippa eigi öndunarvél umsóknar Íslands að Evrópusambandinu úr sambandi eða láta hana malla áfram. Snemma síðasta árs varð ríkisstjórnin að gefast upp í leiðangri svipuðum þeim og nú er boðaður. Fólk mótmælti, ekki bara vegna þess að umsóknina átti að deyða. Fólk mótmælti því frekar að stjórnmálamenn, að þessu sinni stjórnarsinnar, ætluðu ekki að standa við gefin loforð. Nokkuð víst er að fólk muni aftur segja hug sinn, hyggist forystumenn í ríkisstjórn ganga á bak kosningaloforða sinna og afturkalla umsóknina.



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Ríkisstjórnin er gagnrýnd í eigin röðum fyrir aðgerðaleysið, að draga umsóknina ekki til baka.

„Það er orðið ósköp lítið eftir af umsókninni. Það var farið í að ræða einhverja kafla, en sú vinna heldur ekki gildi sínu lengur bæði vegna þeirra hröðu breytinga sem eru að eiga sér stað í Evrópusambandinu og vegna þess að það er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda að fallast á allt það sem síðasta ríkisstjórn hefði verið tilbúin til að fallast á. Þannig að því leytinu til erum við á byrjunarreit.“ Þetta sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fagnaði orðum Sigmundar Davíðs, í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

Hörðustu andstæðingar aðildarumsóknarinnar eru fyrrverandi stjórnendur Sjálfstæðisflokksins. Styrmir Gunnarsson skrifar á vef sinn: „Auðvitað er hugsanlegt að ríkisstjórnin telji stjórnarflokkana ekki ráða við nýtt málþóf af hálfu stjórnarandstöðu vegna afturköllunar aðildarumsóknar á sama tíma og kjarasamningar eru til umræðu. Má þá ekki búast við að hún telji að stjórnarflokkarnir ráði ekki við slíkt málþóf á sama tíma og málefni þrotabúanna verða til umræðu o.s.frv., o.s.frv.? Og má þá ekki sjá fyrir sér að afturköllun aðildarumsóknar frestist aftur og aftur vegna þess að stjórnarflokkarnir hafi ekki þrek í þau átök, sem sú afturköllun kalli á á þingi?“

Nú hefur forsætisráðherra sagt með skýrum hætti að ríkisstjórn telji sig hafa þrekið sem til þarf. Ráðherrar verða að vera minnugir þess að ekki einungis fólk sem vill aðild að Evrópusambandinu hópaðist á Austurvöll. Þangað kom einnig fólk sem vildi að stjórnmálamenn stæðu við gefin loforð og tugir þúsunda skrifuðu undir mótmæli.

Ráðamenn, sumir hverjir, hafa sagt að þeir geti ekki staðið við gefin loforð um að þjóðin verði spurð um áframhald viðræðnanna. Átökin kunna að verða milli þeirra sem vilja að þau orð standi og hinna, harða baklandsins, einkum í Sjálfstæðisflokki, sem leggur allt kapp á að viðræðunum verði formlega slitið meðan núverandi ríkisstjórn situr að völdum. Þannig munu Evrópuaðildarsinnar eiga erfiðara með að hefja viðræður að nýju þegar þeir komast til valda, hvenær sem það verður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á að treysta markaðnum

Ekki er einhugur um hvort markaðnum sé treystandi, án eftirlits, til að vinna að breytingum á virðisaukaskatti og afnámi vörugjalda. Ólöf Nordal, ráðherra neytendamála, vill að markaðurinn sjái um verðbreytingar án eftirlits. Flokksbróðir hennar Jón Magnússon er ekki sammála. „...ætti ráðherra neytendamála að endurskoða afstöðu sína í þessu máli og standa fyrir því að ríkisstjórnin feli þeim aðilum að markaðnum sem hafa haft virkast eftirlit með verðlagningu til neytenda, Neytendasamtökunum, ASÍ og aðilum sem halda úti upplýsingum á eigin vegum, að fylgjast vel með verðbreytingum næstu mánuði þannig að verðbreytingar skili sér með eðlilegum hætti til neytenda.“

### Valda vonbrigðum

Meira af sama. Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður og fyrrverandi ritstjóri Neytendablaðsins, skrifar líka um verðlagsbreytingarnar, og efast rétt eins og svo margir aðrir. „Framlög til Neytendasamtakanna og Neytendastofu lækkuðu á milli ára þannig að ekki virðast stjórnvöld ætla þessum aðilum að vakta verð. Nú hefur ASÍ einnig upplýst að ekkert samráð hafi verið haft við þau um verðlagseftirlit.“ Þegar vaskur lækkaði á mat 2007 stóðu ASÍ, Neytendasamtökin og Neytendastofa sig vel í eftirlitinu. „Ég verð að segja að þessi vinnubrögð valda vonbrigðum.“



### Önnur bankakrísa?

Guðmundur Franklín, fyrrverandi leiðtogi Hægri grænna, hefur áhyggjur af stöðunni í Rússlandi. Þetta má lesa á eirikurjonsson.is: „Sjokkið kemur seinnipart ársins þegar rússnesk fyrirtæki geta ekki lengur greitt af skuldum sínum, vegna brjálsemi Pútins og aðgerða vesturlanda gegn rússnesku efnahagslífi. Þetta þýðir að evrópskir bankar fá ekki greitt til baka hundruð billjóna evra, sem þýðir önnur bankakrísa. Ég spái olíunni undir 50 dollurum á tunnuna fyrri hluta árs, sem er gott fyrir okkur. Ofan á þetta bætast við Ebola, forsetakosningaundirbúningur í BNA, stríð fyrir botni Miðjarðarhafs og kínverska húsnæðis- og bankablaðran gæti sprungið.“



**sme@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Verkin tala

STJÓRNMÁL



Sigurður Már Jónsson
upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar

Markmið ríkisstjórnar Íslands er að tryggja hag heimilanna í landinu og efla atvinnulífið í þágu almennings. Allar ákvarðanir og aðgerðir ríkisstjórnarinnar taka mið af því markmiði. Á aðeins 19 mánuðum hefur margt áunnist og kúvending orðið í mörgum mikilvægum málaflokkum.

**Tökum nokkur dæmi:**

- Fjárveitingar til Landspítalans eru hærri á árinu 2015 en nokkru sinni áður, eða 49,4 milljarðar króna.
- Fjárveitingar til tækjakaupa á Landspítalanum hafa verið margfaldaðar og verða á þessu ári 1.445 milljónir. Það er sjöföld sú upphæð sem fór til tækjakaupa að meðaltali á árunum 2007 – 2012. Þá verður 945 milljónum króna varið á árinu í uppbyggingu nýs Landspítala.
- Lyfjakostnaður einstaklinga lækkar með aukinni greiðsluþátttöku ríkisins og lækkun á virðisaukaskatti.
- Frá 1. janúar eru tannlækningar þriggja ára barna og barna á aldrinum átta til sautján ára greiddar að fullu. Stefnt er að því að tannlækningar allra barna yngri en 18 ára verði greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands.
- Fjárveitingar til félagsmála hafa aldrei verið hærri en á árinu 2015.
- Barnabætur hækka um tæplega 16% á árinu 2015 sem nýtist tekjulægri fjölskyldum. Samanlagt munu útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu barnabóta hækka um 1,3 milljarða króna.
- Tekjuviðmið vegna uppbótar á lífeyri hækka um 12,5% frá 1. janúar.
- Fjárveitingar til Ríkisútvarpsins hækka á þessu ári um 300 milljónir frá því síðasta og verða 3,7 milljarðar króna.
- 40 milljörðum króna hefur verið skilað til heimilanna í formi lægri skatta á almenning.
- Fjárlög skila nú afgangi, annað árið í röð, öfugt við halla áranna á undan.
- Stuðningur við nýsköpun og vísindastarf hefur tekið stakkaskiptum og nemur 2,8 milljörðum króna á næstu tveimur árum.
- Starfsemi á sviði menningararfs hefur stóreflst og fjöldi starfa skapast.
- Störfum í landinu hefur fjölgað um 6.000 þúsund.
- Leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána er komin til framkvæmda og kemur þeim skuldurum best sem lægstar hafa tekjurnar.

Fleira mætti nefna en dæmin sýna að ríkisstjórn Íslands lætur verkin tala. Hún vinnur í fullu samræmi við umboðið sem þjóðin veitti henni í alþingiskosningunum 2013 og forgangsraðar í takt við gefin loforð.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Óvinir ríkisins

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Merkileg þessi sterka þörf hægri manna fyrir að „skrifa söguna“: ná að túlka hana á undan „hinum“ – og ekki bara sína sögu heldur kannski miklu fremur sögu andstæðinganna: Þeir líta á söguna sem herfang.

Fyrir jólin las ég eina af þessum bókum; nýtt verk Styrmis Gunnarssonar sem hefur að geyma glímu hans við þau siðferðilegu álitamál sem hljóta að vakna með hverjum þeim sem stundað hefur að bera fé á einstakling í því skyni að fá hann til þess að rjúfa trúnað við félaga sína og senda þær upplýsingar síðan til húsbænda sinna, meðal annars eiganda Morgunblaðsins, sem Styrmir hefur verið afar hollur eins og sést á fyrri bókum hans, svo að minnir jafnvel á brytann góða í Downton Abbey. Upplýsingar Styrmis rötuðu jafnvel til Bandaríkjamanna, fulltrúa erlends stórveldis sem starfaði hér á landi með eigin hagsmuni að leiðarljósi fremur en Íslendinga – en Styrmir virðist enn ekki hafa áttað sig á því, eftir öll þessi ár og talar stundum eins og herinn hljóti að fara að koma aftur nú þegar Rumsfeld ráði ekki lengur.

**Bjargað frá Gúlaginu?**

Styrmir ræðir þessi mál af hispursleysi og það er gott framtak hjá honum að skrifa þessa bók og deila með okkur hinum hugrenningum sínum og minningum, jafnvel þó að hann virðist enn eiga erfitt með að horfast í augu við eigin gerðir sem fólust í mútum, njósnum og undirróðri gagnvart pólitískum andstæðingum í lýðræðisþjóðfélagi.

Það er fljótsagt, að ekkert kemur fram í bókinni sem réttlætir þessa starfsemi, þó að höfundur streitist við að setja hana í alþjóðlegt samhengi kalda stríðsins. Standi Styrmir í þeirri trú að hann hafi bjargað Íslendingum frá Gúlaginu með því að bera fé á slefbera úr Sósíalistafélagi Reykjavíkur fær sú hugmynd ekki stuðning úr hans eigin bók.

Ekkert sem Styrmir hefur orðið áskynja í heldur lítilmótlegu karpi innan raða sósíalista sjöunda áratugarins um sæti á framboðslistum, mannaforráð og takmarkaðar vegtyllur gefur ástæðu til að ætla að þeir hafi verið „handbendi Rússa“ eða starfað samkvæmt skipunum þaðan. Þar innan raða voru vissulega menn sem töldu enn að í Rússlandi væri að finna fyrirmynd um hið góða samfélag en slíkir menn höfðu æ minni áhrif innan flokksins eftir því sem fram liðu stundir og enduðu flestir sem sérlundaðir vitaverðir á útskögum.

Þess vegna er hjákátleg margítrekuð áskorun Styrmis til Kjartans Ólafssonar fyrrverandi Þjóðviljaritstjóra um að gera hreint fyrir sínum dyrum eins og Styrmir telur sig sjálfan vera að gera með þessari bók: þar með ýjar hann að því að í pólitískri fortíð Kjartans séu einhver leyndarmál ámóta ljósfælin og mútu- og njósnastarfsemi hans sjálfs. Hann lætur að því liggja að Kjartan hafi á samviskunni einhver þau myrkraverk sem réttlæti áralangar hleranir á síma Kjartans og annarra sósíalista – þar á meðal vina Styrmis og tengdaföður, svo að Styrmir hefur áreiðanlega – eins og hann bendir sjálfur á – verið hleraður. Hann talar eins og þau sem skipulögðu og gengu Keflavíkurgöngur gegn erlendri hersetu á Íslandi hafi þar gengið erinda Rússa en ekki fyrir land sitt og þjóð, eins og raunin var.

Styrmir virkar flókin persóna – stundum hreinskiptinn og einlægur og stundum íbygginn yfir eigin leyndri vitneskju og ráðabruggi. Bókin er þversagnakennd. Í þeim fræga Skeggjabekk kynntist Styrmir nokkurs konar þverskurði af íslenskum sósíalistum og rekur þá vináttu í þessari bók eins og nokkurs konar kontrapunkt við allt undirferlið. Þarna er Jón Baldvin sem fæddist í Alþýðuhúsinu á Ísafirði og átti í vændum að verða íslenskur krataforingi, smáþjóðafrelsari og Evrópusinni númer eitt; þarna var Ragnar Arnalds sem enn er að berjast á móti Uppkastinu sem afi hans Ari Arnalds lét ásamt fleirum fella, svo að fullveldi Íslendinga tafðist um tíu ár. Þarna var Bryndís Schram, væn stúlka úr vesturbænum og vinstri sinnuð út af samlíðan með mönnunum. Þarna voru listamennirnir Atli Heimir, Magnús Jónsson og Brynja Benediktsdóttir – öll róttæk af því að fólk sem vildi búa til list og færa lit inn í tilveruna á Íslandi var vinstri sinnað á þeim árum – og ekki meira hallt undir Sovétríkin en tengdafaðir Styrmis, Finnbogi Rútur. Og þarna var Ragnar skjálfti, utanveltukommi og verðandi Fylkingarstaur með allri þeirri skringilegu blöndu af anarkisma, aktífisma, ættjarðarást, kommúnisma og allsherjar stuði sem þar mallaði. Ekkert þessara bekkjarsystkina Styrmis var á vegum Rússa – eins og hann veit ósköp vel sjálfur og viðurkennir. En það er eins og Styrmi sé fyrirmunað að draga rökréttar ályktanir af þessum kynnum – jafnvel enn í dag. Þessir krakkar voru ekki undantekning frá öðrum sósíalistum þessara ára. Þau voru reglan. Sósíalisminn var og er mannúðlegt sjónarmið og „félagsandi“ eins og Jónas Hallgrímsson nefndi það. Mörg myrkraverk voru vissulega unnin í nafni sósíalismans en fráleitt er að líta svo á að Íslendingum hafi verið forðað frá fangabúðavíti með því að hlera síma manna eða neita þeim um vinnu eins og stundað var á þessum árum gagnvart íslenskum sósíalistum.

Því að Styrmir og félagar voru ekki varðmenn hins opna og lýðræðislega þjóðfélags. Þeir voru óvinir þess.

> Standi Styrmir í þeirri trú að hann hafi bjargað Íslendingum frá Gúlaginu með því að bera fé á slefbera úr Sósíalistafélagi Reykjavíkur fær sú hugmynd ekki stuðning úr hans eigin bók.

## AF NETINU

### Kristnir flokkar



Hér áður fyrr voru gagnvegir milli kirkjunnar og Sjálfstæðisflokksins. Hann var flokkur kirkjunnar. Það þótti nánast ókristilegt að kjósa ekki Sjálfstæðisflokkinn.

Á því kristna heimili sem ég kynntist byrjaði Sjálfstæðisflokkurinn að hringja snemma á kjördag. Það var smalað á kjörstað meðal kristilegra.

Margt hefur breyst síðan, prestar eru fjölbreytilegri hópur en áður var, sumir eru konur, þetta er ekki sama, nokkuð forpokaða, karlaveldi og var áður.

En nú virðist Framsóknarflokkurinn stefna í að verða flokkur kirkjunnar.

eyjan.pressan.is/silfuregils/

*Egill Helgason, sjónvarpsmaður*

### Vita þau hvað þau eru að segja?



Þegar að almenningi kemur þýðir lítið fyrir forseta að monta sig með mikilmennum og afrekum fortíðar. Og biskupinum ætti að vera þekkt úr bókum að sköpunarmátturinn og afl hans spratt úr óreiðu upprunans, en hvorki frá skipulagi trúmála innan kirkjunnar né stjórnmála þjóðþinga. Og báðum ætti að vera nokkurn veginn ljóst, að allt fer í hönk ef stjórnmálin hætta að vita sínu viti og beita aðeins því sem er nýtilegt í „hefðinni“.

dv.is/fretti r

*Guðbergur Bergsson, rithöfundur*

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

BUGL

# Þeytispjöld og þrumuský

## Erfið hegðun barna

**Árleg ráðstefna Barna- og unglingageðdeildar LSH**
**Föstudagur 9. janúar 2015 kl. 08.00-16:00**
**Grand Hótel Reykjavík**

**Á dagskrá ráðstefnunnar verða eftirfarandi fyrirlestrar:**

**Collaborative & Proactive Solutions: Understanding and Helping Behaviorally Challenging Kids**
Dr.Ross Greene

**Identifying Lagging Skills and Unsolved Problems**
Dr.Ross Greene

**Solving Problems Collaboratively**
Dr. Ross Greene

**Um reiði barna**
Dr. Sigurður J. Grétarsson sálfræðingur

**Tónlistaratriði**
KK

**Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 7. janúar 2015.**

**Sjá nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu á vefsíðu Landspítalans og á fésbókinni – BUGL ráðstefna.**
**Verð kr. 15.000, kaffi og hádegisverðarhlaðborð innifalið.**

# TÍMAMÓT

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**RAGNAR GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON**
**fyrrverandi bóndi og hafnarvörður, Brjánslæk, Barðaströnd,**

sem lést á jólanótt, 25. desember, verður jarðsunginn frá Brjánslækjarkirkju, laugardaginn 10. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill. Ferjan Baldur fer aukaferð þennan dag, kl. 10.00 frá Stykkishólmi og til baka kl. 19.00 frá Brjánslæk.

**Rósa Ívarsdóttir**
**Ívar Ragnarsson** **Sesselja Þorbjörnsdóttir**
**Theodóra Ragnarsdóttir**
**Halldóra I. Ragnarsdóttir** **Jóhann Pétur Ágústsson**
**Sigrún Berglind Ragnarsdóttir**
**Elísabet Huld Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**AGLA TULINIUS**
**læknaritari, Ásholti 38, Reykjavík,**

lést 22. desember. Útförin fer fram frá Hjallakirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Guðmundur Karl Sigurðsson** **Auður Guðjónsdóttir**
**Þóra Sigurðardóttir** **Jóhann Eysteinsson**
**og barnabörn.**

✝



Þökkum innilega öllum þeim sem hafa sýnt okkur samúð og hlýhug við fráfall ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og bróður,

**TRAUSTA ÞÓRÐARSONAR**
**fyrrverandi varðstjóra.**

**Barbro Þórðarson**
**Tryggvi V. Traustason** **Kristín Þorvaldsdóttir**
**Ásta María Traustadóttir** **Óskar Sveinsson**
**Íris Ósk Tryggvadóttir** **Albert Guðjónsson**
**Helena Rós Tryggvadóttir**
**Hulda Þórðardóttir** **Þórður Helgason**

✝



Okkar ástkæri og yndislegi eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR Þ. GUÐMUNDSSON**
**stýrimaður, Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi, 24. desember. Útför hans verður gerð frá Háteigskirkju miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00.

**Kristín Einarsdóttir**
**Sævar Sigurðsson** **Björg Þórarinsdóttir**
**Guðrún Sigurðardóttir** **Hallvarður Agnarsson**
**Einar Sigurðsson** **Auður Þorsteinsdóttir**
**Elvur Rósa Sigurðardóttir** **Smári Örn Baldursson**
**afa- og langafabörn.**

✝



Faðir okkar, stjúpi, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**GUÐMUNDUR ÞORLEIFSSON**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði mánudaginn 22. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Matthildur Guðmundsdóttir** **Gísli Guðmundsson**
**Sigríður Matthíasdóttir**
**Þorleifur Guðmundsson** **Hrefna Einarsdóttir**
**Guðmundur Guðmundsson** **Einína Einarsdóttir**
**María Jónasdóttir** **Sverrir Jónsson**
**og afabörn.**

✝



Elskulegur faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**TÓMAS ÁRNASON**
**fyrrverandi ráðherra og seðlabankastjóri,**

sem lést 24. desember, verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 6. janúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Eiríkur Tómasson** **Þórhildur Líndal**
**Árni Tómasson** **Margrét Birna Skúladóttir**
**Tómas Þór Tómasson** **Helga Jónasdóttir**
**Gunnar Guðni Tómasson** **Sigríður Hulda Njálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Síðasta ár markaði tímamót í lífinu

Séra Davíð Þór Jónsson er fimmtugur í dag. Hann segir að nýliðið ár hafi verið mjög viðburðaríkt í sínu lífi. Hann vígðist til prests og flutti austur á Eskifjörð ásamt eiginkonu sinni. Hann ætlar að slappa af á afmælisdaginn og lesa bók.

Davíð Þór Jónsson, prestur og grínisti, er fimmtugur í dag. Hann segir að undanfarið hafi svo margt gerst í hans lífi að hann hafi varla mátt vera að því að leiða hugann að afmælinu. Það sé gott að verða fimmtugur. Mun betra en að verða 49 ára, sem sé alveg glatað. „Það er eitthvað svo vont við það að vera 49 að mér hefur ekki liðið svona illa frá því að ég var 27," segir hann.

Davíð Þór segir þó að síðasta ár hafi verið ár mikilla viðburða í lífi hans og hann kvarti því ekki. Á árinu vígðist hann til prests. „Það er náttúrlega það sem stóð upp úr á árinu. Í janúar bjó ég í Hamborg þar sem konan mín var í námi. Hún útskrifaðist í janúar og við fluttum til Reykjavíkur og fórum að leita okkur að vinnu við hæfi, sem við fengum bæði með haustinu og fluttum austur á Eskifjörð. Við erum eiginlega bæði að byrja nýtt líf hérna," segir Davíð Þór og bætir því við að síðasta ár hafi eflaust markað meiri tímamót í hans lífi en það næsta verði fært um að gera.

Davíð Þór kann vel við sig á Eskifirði. Alveg ákaflega vel. „Mér var tekið opnum örmum og það fer mjög vel um mig hér. Mestu skiptir að ég er hér frá degi til dags að vinna við eitthvað sem ég hef menntað mig til og hef yndi af," segir hann.

Davíð Þór ætlar að taka afmælisdaginn sjálfan rólegan, lesa bækur og hugsanlega taka sér frí í vinnunni. Hann býst við að koma síðan til Reykjavíkur í lok mánaðarins og halda þá látlaust kaffiboð fyrir nokkra vini og vandamenn.

Davíð Þór er um þessar mundir að lesa yfir handrit að eigin bók sem hann gerir ráð fyrir að komi út með vorinu. „Það er þannig með allan texta sem maður lætur frá sér að það er ágætt að leggja hann frá sér og koma svo að honum kaldur aftur. Þannig að ég er að gera það þessa dagana," segir hann

Davíð Þór er líka nýbúinn að kaupa sér bók sem heitir Trú, von og þjóð eftir Sigurjón Árna Eyjólfsson, sem hann hlakkar mikið til að lesa. - jh



**„Mestu skiptir að ég er hér frá degi til dags að vinna við eitthvað sem ég hef menntað mig til og hef yndi af.**

**PRESTURINN** „Mér var tekið opnum örmum og það fer mjög vel um mig hér," segir Davíð Þór sem flutti austur á Eskifjörð í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Það er ekki hægt að kvarta þegar maður fær að syngja

Valdís Gregory syngur í Kaldalóni í Hörpu í kvöld við píanóundirleik Kristins Arnar Kristinssonar. Tónleikarnir tilheyra röðinni Tónsnillingar morgundagsins.

„Ég er með sambland af aríum og sönglögum. Það sem hæst ber er lagaflokkur sem sjaldan er fluttur á Íslandi og er eftir tónskáld sem heitir Argento. Þar eru meðal annars textar eftir Shakespeare. Svo syng ég Gimsteinaaríu Kleópötru og aríu Júlíu úr Rómeó og Júlíu." Þannig lýsir hin unga söngkona Valdís Gregory dagskránni í Kaldalóni í kvöld sem hefst klukkan 20. Hún er sem sagt ekkert á láglendinu stelpan þegar hún velur sér verkefni. Um undirleikinn sér Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari.

Valdís var að ljúka fyrstu önninni af fjórum í mastersnámi í söng við Chicago College of Performing Arts og fékk hæstu einkunn í öllu. Aðalkennari hennar er Metropolitan-tenórinn Allan Glassman.

Spurð hvort hún sé heima í jólafríi núna hlær Valdís og svarar: „Það er reyndar lítið jólafrí því mikið er búið að æfa en það er samt gaman að geta haldið tónleika meðan ég er í fríi frá skólanum. Það er ekki hægt að kvarta þegar maður fær að syngja." - gun



**SÖNGKONAN** „Það er reyndar lítið jólafrí því mikið er búið að æfa en það er samt gaman að geta haldið tónleika þegar ég er í fríi frá skólanum."

### Ferill Valdísar

Valdís hóf klassískt söngnám á unglingsaldri, hafði lært á fiðlu frá sex ára aldri og síðar selló. Jafnframt var hún í Kórskóla Langholtskirkju. Söngkennarar hennar hér á landi hafa verið Signý Sæmundsdóttir, Ingveldur Ýr Jónsdóttir og Þóra Einarsdóttir. Hún lauk bachelor-gráðu með láði frá University of Hartford. Sumarið 2010 stundaði hún nám við Bel Canto Institute í Flórens á Ítalíu. Þar vann hún til verðlauna fyrir tæknilega kunnáttu, efnilega sviðsframkomu, tónlistargáfu, tilfinningu fyrir ítalska tungumálinu og hæfni til að nýta sér stíl og hefðir bel canto-söngstílsins.

Með Hartt Opera Theatre hefur Valdís sungið hlutverk Næturdrottningarinnar í Töfraflautu Mozarts. Hún söng hlutverk Donnu Önnu í Don Giovanni eftir Mozart með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, hefur haldið einsöngstónleika í Selinu á Stokkalæk og Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Einnig hefur hún komið fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Söngsveitinni Fílharmóníu, Sönghópnum Spectrum og Hartt Choir.



## VAGGANDI STÓLL

**„Wobble seat“ er heitið á þessum stól eftir kanadíska hönnuðinn Darryl Agawin. Stóllinn hentar vel þeim sem vilja slá tvær flugur í einu höggi. Sitja og vinna og æfa kviðvöðvana í leiðinni.**

Myndlistavörur í miklu úrvali
LISTALAGERINN JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900 - www.jarngler.is



# HELLIR UPP Á MEÐ GAMLA LAGINU

**HEIMILI** *Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir vill hella upp á kaffi með gamla laginu. Hún hannaði kaffikönnuna Uppáklædd en Ingibjörg er ein þeirra listamanna og hönnuða sem hafa komið sér fyrir í Íshúsi Hafnarfjarðar.*

Það er skemmtileg athöfn að hella upp á kaffi með gamla laginu. Ég man þegar kaffivélar komu fyrst að amma og afi vildu ekki sjá þær, kaffið væri ekki nógu heitt úr þeim. Margir vina minna hafa líka alltaf hellt upp á í gegnum trekt og sjálf henti ég kaffivélinni fyrir mörgum árum,“ segir Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir, grunnskólakennari og keramikhönnuður, en hún hannaði sína eigin kaffikönnu og trekt úr postulíni.

„Ég hef alltaf haft þörf fyrir að vera skapandi. Mig dreymdi um að fara í Handíða- og myndlistaskólann eftir kennaranámið á sínum tíma en það varð ekki af því. Draumarnir hverfa samt aldrei svo ég dreif mig í námsleyfi fyrir tveimur árum,“ segir Ingibjörg. Hún útskrifaðist úr mótun við Myndlistaskólann í Reykjavík síðastliðið vor og hefur nú komið sér upp vinnustofu í Íshúsi Hafnarfjarðar, ásamt fleiri listamönnum og hönnuðum.

**FÉKK NAFNIÐ UPPÁKLÆDD**

„Kannan varð til í rennsluáfanga í skólanum. Ég vann út frá snúningnum í vinnslutækninni og hvernig hellt var upp á kaffi á gamla mátann þannig að snúningur myndast á vatnsbununa. Tvinnakefli voru mér líka ofarlega í huga og ég sneri snæri utan um könnuna og síðar tréperlur. Tréperlurnar einangra vel og því brennir maður sig ekki þegar tekið er um könnuna,“ útskýrir Ingibjörg en segja má að snærið og perlurnar klæði könnuna í búning. Hægt er að skipta um búning svo kannan falli að því umhverfi sem henni er ætlað, eða eftir því hvaða árstíð er.

„Ég hef síðastliðið ár þróað könnuna enn frekar og steypi hana í mót en hún er í fjórum hlutum. Ég hef lært mikið á ferlinu og á döfinni er að setja könnuna á markað. Nú eftir áramótin fer ég að vinna bolla í stíl en mig langar að búa til vörulínu. Íshúsið er líka enn að þróast og mjög spennandi tímar fram undan,“ segir Ingibjörg.

Nánar má forvitnast um hönnun hennar á www.inosk.is. ■ heida@365.is



**HÖNNUN** Ingibjörg Ósk, keramikhönnuður og grunnskólakennari, hannaði kaffikönnu til að hella upp á með gamla laginu. MYND/GVA

TUDOR RAFGEYMAR
Veldu öruggt start með nýjum TUDOR
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR TUDOR
Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



Lager sprengja
Aðeins nokkra daga
Völuteigur 17 -19
Mosfellsbæ - Sími 660 0021
20-50% afsláttur
Tilboð á völdum vörum í verslun meðan á lagersölu stendur t.d. sýningardýnum
20-50% afsláttur af skiptidýnum, útlits-eldri gerðum, útlits-gölluðum dýnum o.fl
Nokkrar 180x210 cm dýnur á sértilboði - Takmarkað magn
Opið virka daga 12-18:30 - Laugardag 12-16
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Lager: Völutegi 17-19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0021 - Opið kl. 12-18:30
laugardag 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

Meirapróf






ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
NÆSTA NÁMSKEIÐ HEFST 7. janúar

Enskuskóli Erlu Ara - Let's speak English
Velkomin í heimsókn og tekur ákvörðun eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.
Enskunámskeið í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna
Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 35 ára og eldri.
www.enskafyriralla.is
• 10 getustig með áherslu á tal
• Öllu lesefni fylgja hljóðdiskar
• Styrkt af starfsmenntasjóðum
Skráning stendur yfir í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



1



2



3



4



5

# BELGRAD ÓDÝRUST

**GOTT FYRIR BUDDUNA** *EuroTest kannaði verðlag í helstu stórborgum í Evrópu út frá sjónarhóli ferðamanna. Ódýrasta borgin var Belgrad, höfuðborg Serbíu. Hér eru taldir upp nokkrir áhugaverðir staðir í borginni.*

EuroTest bar saman verðlag í tuttugu stórborgum Evrópu en tímarit FÍB greindi frá niðurstöðunum nýverið. Kannað var verðlag á eins konar ferðamannapakka sem inniheldur kostnaðarliði á borð við matvöru, þjónustu, aðgangseyri að söfnum og skemmtigörðum, bjórglas og aðgang að almenningssamgöngukerfi borganna. Mikill munur var á verðlagi milli borga. Ódýrasta borgin var Belgrad en Ósló dýrust og var munurinn þeirra á milli tæplega fjórfaldur. Ferðamannapakkinn kostar í Belgrad 41,46 evrur en 152,54 evrur í Ósló. Ódýrustu borgirnar næstar á eftir Belgrad voru Zagreb, Ljubljana, Prag, Búdapest og Lúxemborg. Þær dýrustu næst á undan Ósló voru París, London, Kaupmannahöfn, Madrid og Barcelona.

**ÁHUGAVERÐ BORG**

Belgrad er höfuðborg Serbíu og stærsta borg landsins. Hún stendur við ármót Dónár og Sava. Borgin er ein af þeim elstu í Evrópu og á rætur sínar að rekja allt til um sex þúsund árum fyrir Krist en hún var stofnuð á tímum Kelta og Rómaveldis.

**1. BELGRAD-BORGARVIRKIÐ**

Virkið er eitt það elsta í heiminum og samanstendur af gamla borgarvirkinu og Kalemegdan-garðinum. Hægt er að ganga um virkið og garðinn allan ársins hring, allan sólarhringinn og aðgangur er ókeypis. Nærri virkinu er að finna sögusafn og hersafn sem gaman er að skoða.

**2. HRAM SVETOG SAVE-KIRKJAN**

Kirkjan er stærsta musteri réttrúnaðarkirkjunnar á Balkanskaganum. Byggingin er 82 metra há og er í raun enn í byggingu þar sem stríð, fátækt og kommúnísk stjórnvöld hafa sett strik í reikninginn.

Yfir tíu þúsund manns geta setið í kirkjunni í einu. Kirkjan er þekkt fyrir fjölradda kirkjuklukkur og það er þess virði að koma á heila tímanum til að hlusta á þær klingja.

**3. KNEZ MIHAILOVA-GATA**

Knez Mihailova er vinsæl göngugata sem liggur milli Terazije-torgs and Kalemegdan-garðsins. Gatan er miðpunktur borgarinnar og var útnefnd ein af fallegustu göngugötum Austur-Evrópu. Hún er einnig ein vinsælasta verslunargata borgarinnar auk þess sem fólk getur notið þess að skoða fallegan arkitektúr húsanna sem standa við hana.

**4. NATO-EYÐILEGGINGIN**

Árið 1999 kastaði NATO sprengjum á Serbíu. Árásin stóð í 78 daga. Á meðan á henni stóð urðu margar byggingar fyrir miklum skemmdum, skólar, sjúkrahús, menningarverðmæti, kirkjur og klaustur. Belgrad varð ekki eins illa úti og aðrir bæir en þar má þó finna ýmislegt sem minnir á þennan erfiða tíma í sögu borgarinnar. Áhrifamest er að skoða rústir byggingar innanríkisráðuneytisins og júgóslavneska hermálaráðuneytisins sem standa báðar við Kneza Miloša-götu.

**5. GATA FYRIR HIPSTERA**

Í Skadarlija-götu hefur um langa tíð slegið bóhemískt hjarta Belgrad.

Þar má finna skemmtilega þjóðlega veitingastaði, lifandi tónlist sem spiluð er af strengjasveitum, ljóðakvöld, tónleika og sýningar af ýmsum toga. Gatan endurspeglar gamla og góða tíma með ríkulegu næturlífi.

FASTEIGNIR.IS
1. TBL. 5. JANÚAR 2015
vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

heimili fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson, lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson, lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson, sölufulltrúi
Guðbjörg G. Blöndal, lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir, skjalagerð
Brynjólfur Snorrason, sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500 | Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is | 530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason, Eigandi, Sölufulltrúi, 896 5221
Ingólfur Geir Gissurarson, Eigandi, Framkvæmdastjóri, Lögg.fasteignasali, 896 5222
Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356
Vilborg Gunnarsdóttir, Viðskipta-fræðingur M.Sc, Lögg.fasteignasali, 891 8660
Erlendur Davíðsson, Lögg. fasteignasali, **Forstöðumaður útibús Ólafsvík**, 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir, Skrifstofustjóri, margret@valholl.is, 588 4477



Eiríkur Þór Björnsson, Sölufulltrúi, 846 8487
Pétur Steinar Jóhannsson, Sölufulltrúi, Snæfellsnes, 893 4718
Garðar Kjartansson, Sölufulltrúi, 853 9779
Ellert Róbertsson, Sölufulltrúi, 893 4477
VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alggluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**VANTAR ÞIG BÓKARA?**
Vanur bókari getur bætt við sig nokkrum fyrirtækjum. Get gert allt sem því viðkemur og gert klárt til endurskoðanda. Uppl. í síma 699-8447 eða krulla@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

### Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Viðgerðir




Varalhluta og viðgerðaþjónusta. Rafinn ehf Askalind 7. Kóp. S. 5572040/8923429

### Önnur þjónusta

SNJÓMOKSTUR. Tek að mér allan snjómokstur f. húsfélög og einstaklinga. S. 8931940

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Herbergi til leigu á besta stað í bænum m/rúmi og aðgang að WC, ísskáp og interneti. Uppl. í s. 690 8160




**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1315**
**leiga@leiguherbergi.is**

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

jolli

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í full starf sem og kvöld og helgarvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aðeins 18 ára og eldri. Umsóknareyðublöð fást á staðnum. Allar upplýsingar veitir Líney í síma 565-4990 milli klukkan 08-16 alla virka daga.

**FJARÐARBAKARÍ - KORNIÐ**
Starfsfólk óskast í hlutastarf á virkum dögum. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Kona óskast til að hugsa um eldri mann á gullfallegum stað á Vopnafirði. Uppl. í s. 690 8083

## Krókháls – Til leigu

350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði





- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# Skrifstofuhúsnæði til leigu








Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.














| KL. 20:25

**Dulda Ísland**

Vandaðir nýir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland. Hann skoðar helstu perlur landsins ásamt góðum samferðarmönnum.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

| KL. 21:10

**Peaky Blinders**

Vandaðir þættir sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður ríkjum.



| KL. 22:10

**Rush**

Dr. William Rush er spilltasti læknirinn í Los Angeles og hann er til í að gera ýmislegt fyrir ríka og fræga fólkið ef nógu vel er greitt fyrir.



| KL. 22:00

**Brubaker**

Fangavörðurinn Henry Brubaker hefur ákveðnar skoðanir á betrunarvist en hugmyndir hans eru þó ekki öllum að skapi.



| KL. 20:55

**The Glades**

Fjórða þáttaröðin af spennandi sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth í Flórída.



| KL. 22:00

**The Blacklist**

Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | 3 | 4 | | 6 | |
| | 9 | | | 2 | | 4 | | 1 |
| 4 | | 5 | 7 | | | | | |
| 5 | 8 | | 1 | | | | | |
| | | | 9 | 4 | | | | |
| | | 7 | 5 | | 6 | 3 | | |
| | | 9 | | | | 5 | | |
| | | 4 | | 9 | | | 3 | |
| | 7 | 6 | | | | 2 | 4 | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 5 | 2 | | | 7 | |
| | 1 | | | 7 | | 3 | | 5 |
| 7 | | 9 | | | | | 2 | |
| 1 | | | 8 | 9 | | | 3 | |
| | | | | 3 | | | | |
| 2 | | 8 | 7 | | 5 | | 1 | |
| 9 | | | 2 | | 7 | 1 | | |
| | | | | | | 2 | 6 | 7 |
| | | | 3 | | | | 8 | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 7 | | 4 | 5 | 3 | |
| | | | | | 3 | | 2 | |
| 7 | | | | | | | 1 | |
| 8 | 6 | | | 5 | 1 | | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| 2 | 4 | | 3 | 6 | | 8 | | |
| | | | | 9 | | 7 | | |
| 4 | | | | | | | 6 | 2 |
| | | 8 | | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 7 | 1 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 5 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 3 |
| 1 | 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 5 | 4 | 8 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 | 9 | 6 | 2 |
| 3 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 6 | 9 | 5 |
| 6 | 2 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 |
| 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 5 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 4 | 1 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 | 8 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 9 |
| 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 1 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 9 | 1 | 2 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 7 | 8 | 5 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 1 | 5 | 7 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 | 1 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Reynið að vera regnbogi í skýi einhvers."

*Maya Angelou*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** land í Asíu, **6.** frá, **8.** kraftur, **9.** farfa, **11.** voði, **12.** þreparöð, **14.** gleði, **16.** í röð, **17.** frjó, **18.** eyrir, **20.** hreyfing, **21.** snjóföl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dans, **3.** samtök, **4.** stormur, **5.** rá, **7.** grútarlegur, **10.** málmur, **13.** útdeildi, **15.** fræ, **16.** starfsgrein, **19.** slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** Laos, **6.** af, **8.** afl, **9.** lit, **11.** vá, **12.** stigi, **14.** unaðs, **16.** fg, **17.** fræ, **18.** aur, **20.** ið, **21.** gráð.
**LÓÐRÉTT: 1.** vals, **3.** aa, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** fitugur, **10.** tin, **13.** gaf, **15.** sæði, **16.** fag, **19.** rá.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Tómas Veigar Sigurðarson (1.982) hafði hvítt gegn Hlyni Snæ Viðarssyni (1.090) í fyrstu umferð Janúarmóts Hugins.**

**Hvítur á leik**



**20. Bxh6! Rxe4? 21. dxe4 gxh6 22. Df6! Rc8 23. Rg6** og svartur gafst upp enda óverjandi mát. Skákþing Reykjavíkur hófst í gær. 67 skákmenn taka þátt. Ekkert var um óvænt úrslit í fyrstu umferð.

**www.skak.is:** Nýársmót í Vin og atkvöld hjá Hugin.

# ÚTSALAN ER HAFIN
## 15-60% afsláttur af öllum vörum




Rúmföt 140x200 / 50x70
15-40% afsláttur



30% af eldhúsvörum
Svuntur 2.093 kr



30% af barnarúmfötum
Verð frá 4.193 kr



30-50% afsláttur
af öllum púðum



Biðukolla 40% afsláttur
Áður 14.990 kr
Nú 8.990 kr



30% afsláttur af
öllum hvítum lökum
90x200, 120x200, 160x200
180x200, 200x200 & 200x220



60% af allri jólavöru
Íslensk jólahönnun



Barnaföt
25-60% afsláttur




30% af öllum koddaverum
Áður 2.890 kr, nú 2.023 kr

**Opnunartími**

Reykjavík 11-18 & Akureyri 10-18.30

Sendum frítt

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is**

# Ár hinna lúskruðu kvenna

*Friðrika Benónýsdóttir:* Bókmenntaárið 2014 var gott í það heila tekið þótt ekki sé hægt að tala um einhver vatnaskil. Margir okkar bestu höfunda sendu frá sér góðar bækur, nýliðun lofaði góðu og ljóð, barnabækur og þýðingar erlendra öndvegisverka blómstruðu.

**Bækur** 2014

Það er dálítið undarleg árátta að skrifa ársannála um það sem hæst bar í listum og menningu á árinu. Eitt ár skiptir ekki sköpum í bókaútgáfu til dæmis og straumar og stefnur í bókmenntaskrifum breytast ekki merkjanlega frá ári til árs. Til þess að merkja einhverja breytingu þarf mun lengri viðmiðunartíma og reyndar verkefni bókmenntafræðinga framtíðarinnar að komast til botns í því. Það er þó alltaf gaman að rýna í nýlokið ár og velta því fyrir sér hvað, ef eitthvað, hafi komið út sem marka muni þessu ári sérstakan sess í bókmenntasögunni. Plássins vegna er þó einungis unnt að stikla á stóru og án efa mun ýmsum þykja hratt yfir sögu farið og ýmsu sleppt sem þegar lengra frá líður muni þykja sæta meiri tíðindum.

**Skáld- og smásögur**

Tvær skáldsögur bar hæst í umræðunni í aðdraganda jóla, Kötu Steinars Braga og Öræfi Ófeigs Sigurðssonar, af ólíkum ástæðum þó. Kata er óvægin og allt að því brútal gagnrýni á meðferð kynferðisbrotamála í íslensku réttarkerfi sögð út frá sjónarhóli móður sem missir dóttur sína í nauðgun sem endar í morði og leitar réttlætis. Þörf ádeila og um leið vel samin og glæsilega skrifuð skáldsaga sem vissulega á umtalið skilið. Öræfi er sömuleiðis glæsilega skrifuð skáldsaga og að auki fádæma skemmtileg lesning en það þarf engum að koma á óvart sem fylgst hefur með ferli Ófeigs, það sem kannski kom á óvart og kom bókinni í umræðuna voru þau góðu viðbrögð sem hún fékk. Segir kannski meira en langar úttektir á íslensku bókmenntaári að það skuli teljast til tíðinda að góð skáldsaga njóti hylli lesenda.

Aðrir höfundar voru einnig í fantaformi, Gyrðir Elíasson sendi frá sér tvær frumsamdar bækur og eina þýðingu, allt eðalbókmenntir eins og hans er von og vísa. Steinunn Sigurðardóttir, Einar Kárason, Guðrún Eva Mínervudóttir, Oddný Eir og Guðbergur Bergsson áttu öll góðar skáldsögur í flóðinu og kannski er bókmenntaárinu best lýst með því að segja að okkar góðu höfundar hafi gert það sem þeir gera best og gert það vel, en við því má nú líka búast, ekki satt?

Nokkrir nýir höfundar komu með bravúr inn í skáldsagnageirann, Sverrir Norland og Halldór Armand sendu frá sér hressilegar og ferskar skáldsögur og Soffía Bjarnadóttir og Heiðrún Ólafsdóttir áttu vel skrifaðar og forvitnilegar sögur sem vekja vonir um að í uppsiglingu séu afbragðshöfundar. Orri Harðarson vakti þó kannski mesta lukku og væntingar með skáldsögu sinni Stundarfró sem fékk nær einróma lof gagnrýnenda. Ótalin er þá hin sérstæða og fínt fléttaða skáldsaga Guðmundar Brynjólfssonar, Gosbrunnurinn, sem kannski var sú bók flóðsins sem kom mest á óvart. Það er allavega ljóst að ekki þarf að örvænta um stöðu skáldsögunnar að svo stöddu.

**Endurminningar**

Sigurður Pálsson sendi frá sér lokabindi minningabóka sinna, Táningabók, og lokaði hringnum með glæsibrag og bravúr. Skólabróðir hans Pétur Gunnarsson skrifaði sömuleiðis endurminningabók, en fór halloka í samanburði þótt margt sé þar listavel gert. Mesta athygli vakti endurminningabók Jóhönnu Kristjónsdóttur, Svarthvítir dagar, enda afspyrnu vel skrifuð og forvitnileg frásögn af lífi Reykjavíkurstúlku um miðja síðustu öld. Saga þeirra, sagan mín, sem Helga Guðrún Johnson skrifaði, er sömuleiðis forvitnileg og umhugsunarvekjandi kvennasaga sem rekur lífshlaup þriggja kynslóða kvenna í sömu fjölskyldu. Æviminningasagan virðist því langt í frá í útrýmingarhættu eins og ýmsir vilja halda fram.

**Ungmenna- og barnabækur**

Young Adult-bylgjan komst til fullorðinsára á þessari vertíð og náði þeim sessi að vera flokkuð sem sérstök bókmenntagrein; ungmennabókmenntir. Þar var margt vel gert, Bryndís Björgvinsdóttir fór á kostum í Hafnfirðingabrandaranum, Sif Sigmarsdóttir lauk Freyjusögu með stæl og Þórarinn Leifsson sló í gegn með Manninum sem hataði börn.

Barnabækurnar voru sömuleiðis af háum standard, Síðasti galdrameistarinn eftir Ármann Jakobsson, Þín eigin þjóðsaga eftir Ævar Þór Benediktsson, Leitin að Blóðey eftir Guðna Líndal Benediktsson, Vinur minn vindurinn eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur og Nála eftir Evu Þengilsdóttur, svo nokkrar séu taldar, eru allt vandaðar og vel skrifaðar bækur sem sýna svo ekki verður um villst að sú bábilja að barnabækur séu metnaðarlausari sköpun en fullorðinsskáldskapur á ekki við nokkur rök að styðjast.

**Ljóðabækur**

Ljóðagerð stóð með miklum blóma á árinu 2014 og má færa rök fyrir því að mestu gróskuna í íslenskum skáldskap sé að finna í þeirri bókmenntagrein. Konur voru þar áberandi og ekki færri en tvær ljóðabækur kvenna, Kok Kristínar Eiríksdóttur og Velúr Þórdísar Gísladóttur eru tilnefndar til íslensku bókmenntaverðlaunanna, sem sætir tíðindum. Gerður Kristný sannaði með Drápu að ekki þarf 600 orða skáldsögu til að segja sterka og áhrifamikla sögu sem hristir upp í lesandanum, allavega ekki ef listaskáld stendur þar að baki. Sigurbjörg Þrastardóttir átti jafnframt stórleik í Kátu skinni (og gloríu) og Tvífari gerir sig heimakominn eftir Anton Helga Jónsson og Krummafótur Magnúsar Sigurðssonar glöddu ljóðaunnendur ósegjanlega. Ekki má gleyma Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur sem sendi frá sér firnasterka bók, Enginn dans við Ufsaklett. Og ljóðabók Hjartar Marteinssonar, Alzheimer tilbrigðin, sem hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, er með eftirminnilegri ljóðabókum ársins.

Hin eldspræka útgáfa Meðgönguljóð stundar ljóðabókaútgáfu af krafti. Þar gefst ungum skáldum, skáldum framtíðarinnar, tækifæri til að koma sér og sínum ljóðum á framfæri og sé rennt yfir útgáfulista hennar er morgunljóst að ljóðið stendur fyrir sínu meðal allra aldurshópa.

**Þýðingar**

Ekki fóru bókmenntaunnendur slyppir frá borði þegar kom að þýðingum úr erlendum málum yfir á íslensku þetta árið. Bæði öndvegisrit heimsbókmennta og nýir spútnikhöfundar öðluðust íslenska rödd fyrir tilstilli framúrskarandi þýðenda. Lolita Vladimirs Nabokovs kom loks út á íslensku í þýðingu Árna Óskarssonar. Áslaug Agnarsdóttir þýddi þrjár bækur í uppvaxtarsögu Levs Tolstoj auk hinnar ögrandi og umhugsunarvekjandi Bréfabókar Mikhails Shishkin. Fyrsta íslenska þýðingin á skáldsögu eftir Virginiu Woolf, Út í vitann, leit dagsins ljós fyrir tilstilli Herdísar Hreiðarsdóttur. Danska skáldið sem gerði allt vitlaust í Danmörku, Yahya Hassan, var snöfurmannlega þýddur af Bjarka Karlssyni og Nóbelsskáldið Alice Munro hlaut íslenskun Silju Aðalsteinsdóttur. Friðrik Rafnsson hélt áfram að færa okkur glænýjan Milan Kundera, auk tveggja glænýrra metsölubóka, Sannleikann um leyndarmál Harrys Quebert eftir Joël Dicker og Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp eftir Romain Puértolas. Sannarlega engin lesmáttarrýrnun í þýðingunum.

**Árið í hnotskurn**

Hér hefur verið stiklað á mjög stóru í útgáfusögu ársins 2014 og eins og sjá má kennir þar ýmissa góðra grasa, þótt engin stórtíðindi séu úr bókmenntaheiminum. Sé hægt að tala um strauma í bókmenntum eins árs mætti benda á að óvenju hátt hlutfall bóka, bæði skáldsagna og ljóðabóka, fjallaði um ofbeldi gegn konum, sem er vissulega þörf og góð umræða. Hvort áframhald verður á slíkri samfélagsgagnrýni í skáldskap nýbyrjaðs árs kemur í ljós en ekki kæmi það á óvart að fleiri höfundar nýttu sér það umfjöllunarefni, enda svo sannarlega af nógu að taka í þeim efnum. Hvað sem verður er að minnsta kosti ljóst að íslenskum höfundum liggur heilmikið á hjarta og miðað við útgáfu nýliðins árs eigum við von á góðu með haustinu.


Steinar Bragi


Sigurbjörg Þrastardóttir


Ófeigur Sigurðsson


Gerður Kristný


Sigurður Pálsson


Vladimir Nabokov


Tolstoy

# SKIPTIBÓKALAGER GRIFFILS VERÐUR Í PENNANUM EYMUNDSSON!

PENNINN EYMUNDSSON
KT:560109-0670

## VÖRUSKIL

| Lýsing | Upphæð |
|---|---|
| **Skiptibókabónus** + 400 kr fyrir hverja bók | |
| Stæ 103 Svört 1.stk | -2.407 |
| | +400 |
| Þjálfun, heilsa og vellíðan 2014, lesbók | -2.613 |
| | +400 |
| Samtals kr. | -5.820 |
| Inneignarnóta - | -5.820 |

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin

**Gildir frá 5. janúar til og með 6. janúar**

## TÖKUM Á MÓTI NÁMSBÓKUM OG ÞÚ FÆRÐ BÓNUS!

**ÞÚ FÆRÐ MEIRA HJÁ OKKUR, MEIRI ÞJÓNUSTU**
**MEIRA FYRIR SKIPTIBÆKURNAR OG MEIRA ÚRVAL**
**EINFALDLEGA MEIRA, MEIRA!**

#meirameira

**TÖKUM Á MÓTI NÁMSBÓKUM Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM:**

**KRINGLAN | HALLARMÚLI 4**
**SMÁRALIND | AKUREYRI**

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Mesta úrval skiptabóka, ritfanga og nýrra námsbóka er í verslunum okkar í Kringlunni, Smáralind, Hallarmúla og Akureyri.
Gildistími tilboðs er frá 5. janúar til og með 6.janúar. Verð geta breyst án fyrirvara. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt að neita móttöku skiptibóka.

## Íslendingar á Twitter tjá sig um málin

Umræðan hefur verið skrautleg árið 2014 en menn tjáðu sig um hin ýmsu mál á samfélagsmiðlum er árið tók enda. Fréttablaðið tekur hér saman nokkur skemmtileg ummæli sem voru látin falla í síðustu viku.



**Sesar A**
**@Sesar_A**
Mjög algengt að persónuupplýsingum sé lekið? Hvar og hvenær? Til hvers og hvaða hagsmuna er gætt?



**Berglind Festival**
**@ergblind**
10 ára grunnskólareunion í kvöld. Finn enga ástæðu fyrir því að beila ekki.



**Daníel Ólafsson**
**@DanniDeluxe**
Var að fá 3000 kr í Stefgjöld. Mest fyrir Blaz og Steindann, en smá fyrir að Hamborgarafabrikkan var að blasta Bæjarins Bestu.



**Sigmundur Davíð**
**@sigmundurdavid**
Kæru vinir, Gleðilegt nýtt ár og þakkir fyrir góðar stundir á því liðna. Megi árið 2015 færa ykkur gæfu og gleði.



**Vala Þórodds**
**@valathorodds**
Fyrirspurnir um læknisráð farnar að detta inn á Beauty Tips. Þetta endar ekki vel.



**MENN AÐ STÖRFUM** Ónefndur Grandabróðir ásamt ónefndum verkamanni að störfum á Fiskislóð. MYND/GRANDABRÆÐUR



**GRÝTAN** Ingó Egilsson í stærsta sal Grýtunnar ásamt góðum vini. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# LISTAMENN FÆRA SIG Á IÐNAÐARSVÆÐIN

Fréttablaðið skoðar þrjár vinnustofur ungra listamanna, sem staðsettar eru á iðnaðarsvæðum fyrir utan miðbæ Reykjavíkur.

**Þórður Ingi Jónsson**
thorduringi@frettabladid.is

2014 var afdrifaríkt ár fyrir íslenska myndlistarmenn, sérstaklega í ljósi þess hvernig statt er með húsnæðismarkað Reykjavíkur. Hækkandi leiga veldur því að ungir listamenn hrökklast úr miðbænum en gott dæmi um það er Kunstschlager-galleríið á Rauðarárstíg, sem nú hefur verið lokað eftir ár, en það hefur getið sér gott orð sem fremsta grasrótargallerí Reykjavíkur. Þetta er sérstaklega kaldhæðnislegt þar sem listamenn missa oft aðstöðu sína sem fer þá í staðinn undir ferðaþjónustu, á sama tíma og erlendir ferðamenn koma hingað helst til að skoða menningu og náttúru.

Athygli vekur að margir ungir myndlistarmenn eru að færa sig frá miðbænum og á iðnaðarsvæði svo sem Granda og Höfðann. Fréttablaðið skoðar hér nokkrar vinnustofur sem staðsettar eru á iðnaðarsvæðum utan miðbæjarins og stuðla að menningaruppbyggingu á nýjum svæðum.

### Grasrótin leitar í iðnaðarhverfin

„Algera Studio byrjaði þannig að myndlistarmönnunum Sunnevu Ásu Weisshappel og Ými Grönvöld áskotnaðist húsnæði á Fosshálsinum sem var ótrúlega hrátt. Þau fengu það á góðum kjörum með því samþykki að gera það upp, og þau tvö ásamt ýmsum hjálparhöndum byggðu þetta upp með eins og hálfs árs vinnu,“ segir Kristín Þorláksdóttir, einn listamannanna sem koma að Algeru Studio í Árbænum.

„Það er svo mikill skortur á húsnæði af þessari stærð og með þessa möguleika miðsvæðis þannig að þá fer grasrótin einmitt að leita í iðnaðarhverfin þar sem möguleikarnir eru endalausir,“ segir Kristín en ásamt því að hýsa listamenn úr ýmsum áttum, svo sem Thelmu Marínu Jónsdóttur, leik- og tónlistarkonu, og Katrínu Mogensen, söngkonu Mammúts, er Algera einnig residensía sem hefur milligöngu fyrir erlenda listamenn við senuna hér heima.

„Það sem er svo sterkt við batterí eins og þetta er til dæmis möguleikinn á samstarfi milli listamanna úr ólíkum greinum. Ef mann skortir þekkingu við eitthvert ákveðið verkefni þá er allt í einu hönnuður eða kvikmyndagerðarmaður við hliðina á þér sem hefur hana. Það hefur verið mikil samstaða og líka held ég bara lærdómur.“



**„Það er svo mikill skortur á húsnæði af þessari stærð og með þessa möguleika miðsvæðis þannig að þá fer grasrótin einmitt að leita í iðnaðarhverfin þar sem möguleikarnir eru endalausir.**

*Kristín Þorláksdóttir, í Algeru Studio í Árbæ*

**ALGERA STUDIO** Hér má sjá frá vinstri Anni Ólafsdóttur kvikmyndagerðarkonu (í tölvunni), Lukku Sigurðardóttur myndlistarkonu, Kristínu Þorláksdóttur myndlistarkonu og Katrínu Mogensen, tónlistar- og myndlistarkonu (í sófanum). MYND/SUNNEVA ÁSA WEISSHAPPEL

### Gæti fengið bréf á morgun

„Það er rosa misjafnt hvað það er mikið í gangi hér frá degi til dags. Margir hérna eru að vinna af ástríðu og fólk er oft í vinnu með, sumir koma á kvöldin og um helgar en sumir eru hér alla daga með sína aðalvinnu,“ segir Ingó Egilsson, húsgagna- og vöruhönnuður og forstöðumaður Grýtunnar á Keilugranda í Vesturbænum. Grýtan hefur bæði hýst þvottahús og lager í gegnum tíðina en nú starfar þar fjöldi listamanna á ýmsum sviðum svo sem Sara María Júlíusdóttir silkiprentari, Leifur Eiríksson tónlistarmaður og Kitty-Von Sometime, lista- og kvikmyndagerðarkona.

Ingó gerði húsið sjálfur upp á einu ári. „Húsið var ansi ónýtt – engin hiti eða rafmagn og allt lekandi, þannig að þetta var rosaleg vinna. Ég gerði þetta einn því maður vildi ekki kaffæra sig með lánum, þar sem það á að fara að rífa þetta,“ segir Ingó en hann segir tímasetningu þess ekki liggja fyrir. „Það stendur til, en maður heyrir alltaf eitthvað nýtt. Ekkert sem ég hef í hendi. Maður tekur dagana einn í einu, ég gæti þess vegna fengið bréf á morgun og fengið tveggja mánaða uppsagnarfrest. Maður reynir að njóta þess á meðan maður getur og vonar að þetta fái að lifa lengur.“

### Vinna úr því sem er úr að moða

„Grandabræður er hópur myndlistarmanna, hönnuða og verkfræðinga sem starfa sjálfstætt ásamt því að reka fyrirtækið Skiltamálun Reykjavíkur,“ segir Ingi Kristján Sigurmarsson, einn þeirra listamanna sem standa að vinnuaðstöðu Grandabræðra á Fiskislóð. „Í Skiltamáluninni tökum við að okkur að mála skilti og veggi fyrir fólk og fyrirtæki,“ segir Ingi. Vegfarendur hafa kannski tekið eftir verki Sigga Eggertssonar sem þeir máluðu á Hönnunarmiðstöðina, verki þeirra á Óðinstorgi, Kexi Hosteli og svo nýverið verki á Hafnarhúsinu fyrir Iceland Airwaves. „Það er mikil fjölbreytni úti á Granda en ásamt vinnustofum erum við líka með smíðaverkstæði. Við byggðum allar innréttingarnar sjálfir og vinnum úr því sem við höfum úr að moða.“

Í júní héldu Grandabræður uppskeruhátíð vinnuaðstöðunnar sem nefndist Happy Festival. „Þetta var tónlistar- og myndlistarhátíð sem stóð í fjóra daga. Það var bara veisla og fögnuður þar sem alls konar fólk kom og tróð upp en í stórum dráttum þá var sviðið laust fyrir hvern sem vildi koma og taka þátt,“ segir Ingi en margar helstu hljómsveitir reykvísku senunnar svo sem Pink Street Boys, Ojba Rasta, Unnsteinn Manuel og Valdimar komu fram. Þá var hægt að skella sér í heitan pott í fiskikari fyrir utan.

# Stjörnu- og norðurljósaganga á Hellisheiði

Sævar Helgi Bragason leiðir gönguna og vonast til þess að sjáist til Júpíters. Lagt verður í hann 16. janúar.

„Ég ætla að taka með mér sjónauka og beina honum að því sem fyrir augu ber. Hvort sem það eru vetrarbrautir í milljóna ljósára fjarlægð eða staður þar sem nýjar stjörnur eru að verða til,“ segir Sævar Helgi Bragason, formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, ritstjóri Stjörnufræðivefsins og starfsmaður Háskóla Íslands.

Sævar leiðir stjörnu- og norðurljósagöngu á Hellisheiði þann 16. janúar næstkomandi. „Við ætlum vonandi að skoða reikistjörnuna Júpíter sem verður áberandi þegar gangan verður.“

Stjörnuáhuginn kviknaði snemma hjá Sævari. „Hann virðist vera meðfæddur í mínu tilviki, ég man þegar ég var lítill að horfa upp til himins, svona sex ára gamall að ganga í skólann. Þá horfði ég meira til himins en á gangstéttina fyrir neðan mig,“ en hann segir stjörnuskoðun sínar ær og kýr.

„Ég kann mjög vel við veturinn, alveg hiklaust. Flestir gleðjast á vetrarsólstöðum þegar sól fer hækkandi á lofti en ég gleðst á sumarsólstöðum þegar stjörnurnar birtast aftur. Myrkrið er yndislegt, sérstaklega þegar stjörnurnar lýsa það aðeins upp.“

➜ Flestir gleðjast á vetrarsólstöðum þegar sól fer hækkandi á lofti en ég gleðst á sumarsólstöðum þegar stjörnurnar birtast aftur.

Ferðin er liður í samstarfi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands og er brottför á einkabílum frá skrifstofu Ferðafélags Íslands klukkan átta þann 16. janúar. Þátttaka er ókeypis og eru allir velkomnir. - glő



**SÆVAR HELGI** Formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness segir myrkrið yndislegt, upplýst af stjörnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**PJ HARVEY** Tónlistarkonan tekur upp nýja plötu fyrir opnum tjöldum.

## Upptökur fyrir opnum tjöldum

PJ Harvey ætlar að taka upp næstu plötu sína fyrir opnum tjöldum, því hljóðverið hennar verður hluti af listagjörningi. Breska tónlistarkonan mun eyða fjórum vikum í gerð þessarar níundu sólóplötu sinnar ásamt hljómsveit og upptökuteymi fyrir aftan speglagler í Somerset House í London.

Gjörningurinn nefnist The Recording in Progress og fara upptökurnar fram í nýju rými í listamiðstöðinni. Fjögur ár eru liðin síðan Harvey gaf út plötuna Let England Shake, sem hlaut Mercury-verðlaunin sem plata ársins.



**BONO ÚR U2** Lenti í vondu slysi á dögunum.

## Bono kveður gítarleikinn

Bono, söngvari írsku hljómsveitarinnar U2, hefur lýst því yfir að hann muni hugsanlega aldrei spila á gítar aftur eftir vélhjólaslysið sem hann varð fyrir í nóvembermánuði. „Batinn hefur verið erfiðari en ég hélt. Á meðan ég skrifa þetta er ekki ljóst hvort ég muni nokkurn tímann spila á gítar aftur,“ ritar Bono á bloggsíðu sína með eftirsjá.

„Afleiðingar þessa óvenjulega slyss eru það alvarlegar að ég verði að undirbúa mig vel líkamlega fyrir tónleikaferðalag U2,“ segir hann og bætir við að hann geti ekki komið fram opinberlega fyrrihluta ársins 2015.

Bono datt af vélhjóli sínu í Central Park í New York um miðjan nóvember.




SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 17 – 6 – 8 – 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 4 – 7 – 10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 3.30 – 5.45 – 8 | L |
| EXODUS | KL. 6 – 9.30 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL. 10.20 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5% AUKAKRÓNUR

| | | |
|---|---|---|
| UNBROKEN | KL. 6 – 9 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D | KL. 6 – 9 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.30 – 8 | L |
| EXODUS | KL. 8 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL. 10.15 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL | KL. 5.30 | L |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HOBBIT 3 3D (48R) | 5, 8, 10, 11 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | 5, 8 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10:10 | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 4:50 | L |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 2 - 5:10 - 8 - 10:50 |
| UNBROKEN VIP | KL. 11 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 10:20 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 1 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| THE HOBBIT HFR 3D | KL. 4 - 7 - 10 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 6 - 9 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |
| EXODUS: GODS AND KINGS 2D | KL. 10:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 5 - 8 - 10:15 - 10:50 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:20 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 5:40 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3:20 |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 10:20 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 10 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 8 - 10:20 |
| LOVE, ROSIE | KL. 10:45 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 |

SAMbio.is




**THE INTERVIEW** Kvikmyndin er vinsæl og umdeild.

# Vill dreifa í Norður-Kóreu

Kóreumaðurinn Park Sang-hak sem flúði Norður-Kóreu og starfar nú sem aðgerðasinni í Suður-Kóreu ætlar sér að senda 100.000 eintök af grínmyndinni The Interview til Norður-Kóreu með blöðrum. Hann telur að myndin, sem fjallar um launmorð á leiðtoga Norður-Kóreu, gæti dregið úr persónudýrkuninni í kringum leiðtogann. Sang-hak tekur höndum saman með mannréttindasamtökunum Human Rights Foundation. „Alræðisleiðtogastjórn Norður-Kóreu mun falla ef dýrkunin á leiðtoganum Kim molnar,“ segir Sang-hak en hann ætlar að senda eintök af myndinni með blöðrum á mynddiskum og USB-kubbum, með kóreskum texta.

# Venjulegt nýtt ár

**BAKÞANKAR**
Berglindar Pétursdóttur



**N**ú árið er liðið í aldanna skaut og við bara laus við þess gleði og þraut. Enginn er lengur á yfirsnúningi og fólk nýtur lífsins á útsölum. Í dag höldum við einnig hátíðlegan fyrsta mánudag ársins og eflaust eru margir að lesa þetta á meðan þeir svitna í skíðavél.

**ÉG** hafði hugsað mér að nýta þetta pláss í blaðinu til að gera lítið úr áramótaheitum og betrumbótum pöpulsins á nýja árinu en hef víst ekki efni á því. Hugsaði sjálf strax í desemberbyrjun hvaða manneskja ég ætlaði nú að vera árið 2015, skoðaði verðskrár í krossfit-stöðvum og allt. Ég íhugaði líka að byrja árið með einhvers konar áfengisbindindi en svo kom í ljós að strax í ársbyrjun eru haldnir hátíðlegir endurfundir árgangsins míns úr grunnskóla og í þeim aðstæðum vill enginn vera allsgáður. Það féll þar með um sjálft sig.

**SVO** að nú er nýja árið bara komið og ég borðaði Honey Nut Cheerios í kvöldmat bæði á laugardag og sunnudag og á ekki kort í ræktina. Það lítur því út fyrir að ég verði gamli góði Beggi Pje í einhvern tíma áfram. Kínverska nýárið gengur svo í garð þarna í febrúar, kannski dettur mér eitthvað í hug fyrir þann tíma.

**ÞANGAÐ** til mun ég halda áfram að lifa samkvæmt hefðum og venjum nægjusama og venjulega lífsstílsins. Í honum felst til dæmis að vera almennilegur, greiða sér á morgnana, reyna að halda aftur af sér að smella á greinar á netinu með fyrirsögnum eins og „ÞÚ TRÚIR EKKI HVAÐ ÞESSI GERÐI“, klæða sig skynsamlega þegar kalt er í veðri, hreyfa sig þegar maður nennir og borða að minnsta kosti eina holla máltíð á dag. Þeir allra ákveðnustu setja líka stundum í vél og flokka heimilissorpið.

**LIFI** meðalmennskan. Án hennar væru allir krossfittararnir ekki betri en við hin.

# Alltaf dugleg í græna litnum

## Sólveig Eiríksdóttir segir grænan djús hjálpa til við að slá á sykurþörfina.

„Yfir hátíðarnar þá er maður svona aðeins búinn að breyta hjá sér rútínu og matmálstímum, magninu af því sem maður er að borða og venjum og þá hefur mörgum reynst svo vel að taka kannski svona einn eða tvo daga þar sem þeir eru á léttu fæði,“ segir hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir, betur þekkt sem Solla.

„Það er svo ótrúlega gott að gera eitthvað til þess að hreinsa. Þó maður sé ekki að fara í einhverja svona tuttugu daga föstu,“ segir hún.

Yfir hátíðarnar borða margir meira en þeir gera dagsdaglega og meira er um nasl og sætindi. Eftir áramót er mikill hugur í mörgum að taka mataræðið föstum tökum eftir reykta kjötið, saltið og sætindin.

Solla segir óþarfa að ætla sér of mikið í einu. „Frekar að venja sig af sykrinum á nokkrum dögum, þótt þú sért að borða svolítið hnetu- eða möndlusmjör og þá ferðu á þriggja daga salat- eða djúsdaga eftir það. Þarft ekki að gera þetta allt í einu.“

Solla býr einnig yfir nokkrum góðum ráðum fyrir þá sem eru að berjast við að kveða niður sykurpúkann og bendir fyrst á grænan djús sem hægt er að útbúa úr ýmiss konar grænu grænmeti. „Græni liturinn hjálpar til við að minnka sykurlöngunina. Bara liturinn, blaðgrænan, hjálpar manni og ýtir ósjálfrátt sykurlönguninni til hliðar, þess vegna hef ég alltaf verið svona dugleg í græna litnum,“ segir hún glöð í bragði.

> **Það er svo ótrúlega gott að gera eitthvað til þess að hreinsa. Þó maður sé ekki að fara í einhverja svona tuttugu daga föstu.**

Einnig segir hún að sniðugt sé að blanda vatn með tei eða ávöxtum sem gefa gott bragð. „Vatn með sítrónu og engifer til dæmis, og eiga það bara á flösku.“

Fyrir þá sem finnst gott að narta í eitthvað þá er stökkt grænmeti góður kostur. „Þá myndi ég vera með sellerí og gulrætur líka. Dýfa þeim í hnetu- eða möndlusmjör. Getur bara dýft því beint í krukkuna, þú borðar þetta hvort sem er á nokkrum dögum,“ segir Solla og hlær.

Sem hressandi snakk eru frosin vínber sniðug og slá á sykurlöngunina. „Berin eru betri kostur en ávextirnir af því þau eru ekki eins sæt og hjálpa þér að koma eðlilegri rútínu á aftur.“

gydaloa@frettabladid.is



**SOLLA** Segir óþarfa að ætla sér of mikið í einu.
MYND/EYGLÓ GÍSLADÓTTIR

# Æfa líkamann jafnt og varlega á nýju ári

## Jón Arnar Magnússon kírópraktor hvetur fólk til að stíga varlega inn í ræktina. Margir vilja ná árangri strax.

Janúarmánuður er venjulega vinsælasti mánuðurinn hjá líkamsræktarstöðvum og setja margir beint í fimmta gír og ætla að ná árangri strax. Ef ekki er farið með gát og hlustað á líkamann getur það valdið slæmum meiðslum.

Jón Arnar Magnússon, kírópraktor og fyrrverandi tugþrautarkappi, hvetur fólk til þess að fara varlega, annars geti það haft slæmar afleiðingar. „Fólk þarf að gæta að því að fara ekki fram úr sér. Það ætla svo margir að taka þetta með trompi og dýfu og fá árangurinn helst í gær. Það er kannski það hættulega við þetta,“ segir Jón, en sem kírópraktor hefur hann séð marga fara illa út úr því að æfa of mikið eða vitlaust. „Það má ekki tapa sér alveg í gleðinni heldur er nauðsynlegt að hlusta á líkamann. Ekki horfa á manninn við hliðina sem tekur miklu þyngra og hjóla í það,“ segir hann.

> **Hann er svolítið tískufyrirbrigði þessi rass núna, snýst allt um hann. Það er ekki gott að fókusera alveg á einn líkamshluta.**

Undanfarið hafa æfingar fyrir rassinn verið vinsælar, þá sérstaklega hjá stelpunum. „Hann er svolítið tískufyrirbrigði þessi rass núna, snýst allt um hann. Það er ekki gott að fókusera alveg á einn líkamshluta, ekki frekar en þegar strákar lyfta bara fyrir efri hluta líkamans. Mikilvægt er að æfa líkamann jafnt,“ segir Jón og hvetur fólk til að æfa skynsamlega og fara varlega.

„Það sést kannski enginn árangur fyrstu sex vikurnar, en ef þú heldur þér við efnið þá gerist þetta. Engar skyndilausnir,“ bætir Jón við. - asi



**HLUSTA Á LÍKAMANN** Jón Arnar Magnússon hvetur fólk til að fara varlega af stað og hlusta á líkamann.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20,000 days on Earth | 18.00 | Winter Sleep | 20.00 |
| Turist | 17.45 | Mommy | 20.00 |
| París norðursins ENG SUB | 18.00 | Whiplash | 22.30 |
| Rudderless | 20.00, 22.00 | | |




Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
bannað er að mismuna
börnum eftir því
hvað foreldrar þeirra gera.

SÖNGSKÓLI
Maríu Bjarkar

Sími: 588 1111 • www.songskolimariu.is




# Skráning í fullum gangi

## Námskeiðin byrja eftir 19. janúar

Námskeið fyrir alla aldurshópa; börn, unglingar og fullorðnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir.

## Við erum stolt að halda uppá 20 ára afmæli söngskólans 2015

### • Forskóli - Söngvaborg 3-5 ára

Í forskólanum er unnið með lög úr Söngvaborg ásamt almennum leikskólalögum. Kennslustundin er 40 mínútur og fer þannig fram að börnin eru virkjuð til að syngja , hreyfa sig og að ná fram almennri tjáningu. Forskólinn er kenndur á sunnudögum og er í 10 vikur.

Gestir á námskeiði: María, Sigga og Lóa

### • Börn 5-12 ára:

Námskeiðið er í 13 vikur. Börnin mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn og er kennt alla daga vikunnar. Hóptímar 5-6 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.
Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.
Farið er í hljóðnematækni, framkomu, tjáningu, takt og fleira.
Á námskeiðinu eru 5 tímar frábrugðnir venjulegri kennslustund; rythmatími, upptaka á geisladisk, upptaka á DVD og tónleikar fyrir foreldra og vini.
Gestakennari: Eyþór Ingi

### • Unglingar 13-15 ára:

Námskeiðið er í 12 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 50 mínútur í senn.
Kennt er alla virka daga.
Farið er í söngtækni, hljóðnematækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira.
Danstími/rithmatími (val)
Hóptímar 4 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.
Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.
Í enda námskeiðsins er upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum og tónleikar.
Gestakennari: Eyþór Ingi

### • Fullorðnir:

- Hóptímar:
  Námskeiðið er í 10 vikur. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.
  Farið er í söngtækni, hljóðnematækni, túlkun, framkomu, tjáningu, takt og fleira.
  Hóptímar 3 saman þar sem að einstaklingurinn fær að njóta sín.
  Hver og einn vinnur með sín lög og einnig æfður hópsöngur.
  Upptaka á geisladisk í fullkomnum gæðum fylgir.
- Einkatímar:
  Námskeiðið er 10 x hálf klst.

### • Complete Vocal Technique:

Complete Vocal Techinque er tækni sem flestir atvinnusöngvarar nýta sér í dag. Hún byggir á 20 ára ítarlegum rannsóknum á öllum tegundum söngstíla,
allt frá þungarokki yfir í klassískan söng. CVT kynnir nýjar og auðveldar aðferðir til að beita röddinni til hins ítrasta á heilbrigðan hátt.
8 vikna námskeið þar sem mætt er einu sinni í viku í 2 klst. 5 í hóp

Ath! Aldurstakmark og aðeins fyrir lengra komna.

### • Píanónám eftir eyranu

Námskeiðið er í 10 vikur. 4 saman í hóp. Nemendur mæta einu sinni í viku, 60 mínútur í senn.
Námskeiðið er fyrir alla sem vilja læra á píanó, byrjendur eða lengra komna.
Markmiðið er að nemendur öðlist færni í að spila á píanó eftir eyranu og að spila undir eigin söng.

A.T.H aldurstakmark 12 ára

Kennari: Pétur Hjaltested

Skráning og upplýsingar: www.songskolimariu.is • Sími: 588 1111 & 897 7922 • Fákafeni 11 • songskolimariu@songskolimariu.is

## Rúnar byrjar tímabilið í mínus



Rúnar Kristinsson, þjálfari norska úrvalsdeildarliðsins Lilleström, byrjar ekki vel því hann er þegar kominn í mínus stig á sínu fyrsta tímabili þrátt fyrir að það séu ennþá nokkrir mánuðir í fyrsta leik.

Norska blaðið Verdens Gang hafði heimildir fyrir því í gær að norska knattspyrnusambandið hefði ákveðið að taka eitt stig af Lilleström vegna þess að liðið uppfyllti ekki kröfur norska leyfiskerfisins.

Lilleström spilar í sumar sitt fertugasta tímabil í röð í efstu deild en félagið hefur verið í miklum fjárhagsvandræðum.

Rúnar, sem hætti með KR-liðið í haust eftir fjögur titlatímabil í röð, stýrir sinni fyrstu æfingu hjá Lilleströmliðinu í dag en hann hefur Sigurð Ragnar Eyjólfsson, fyrrverandi þjálfara ÍBV og íslenska kvennalandsliðsins, sér til aðstoðar.

## Það er langt síðan við spiluðum vel

**HANDBOLTI** Snorri Steinn Guðjónsson sagði allt of snemmt að afskrifa íslenska landsliðið í handbolta þó leikurinn gegn Þýskalandi hefði farið illa í gær. Þýskaland vann sjö marka sigur, 31-24.

„Það er kannski það jákvæða við þetta að þetta var fyrsti æfingaleikurinn en samt sem áður þurfum við að rífa okkur í gang, það þarf ekkert að fara í felur með það. Það er langt síðan við spiluðum vel og það er staðreynd líka sem þarf að horfast í augun við,“ sagði Snorri Steinn eftir leikinn í Laugardalshöllinni í gær. „Það er stutt í mót og hver að verða síðastur með það en ég ætla ekkert að fara að grafa þetta í skítinn strax. Ég hef fulla trú á að við eigum eftir að spila betur og enn betur þegar við komum til Katar.“ -gmi

**ÍSLAND – ÞÝSKALAND 24-31 (11-11)**

**Mörk Íslands (skot):** Alexander Petersson 7 (11), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (7/1), Guðjón Valur Sigurðsson 4/2 (7/2), Sigurbergur Sveinsson 3 (7), Vignir Svavarsson 2 (2), Kári Kristján Kristjánsson 2 (2), Rúnar Kárason 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Arnór Þór Gunnarsson (1), Arnór Atlason (4),

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 14 (38/2, 37%), Aron Rafn Eðvarðsson 2 (8, 25%),.



**ÞURFA AÐ SPILA BETUR** Snorri Steinn Guðjónsson í leiknum á móti Þjóðverjum í Höllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**FLOTT MARK** Jóhann Berg fagnar marki sínu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ENSKI BIKARINN

**ÚRVALSDEILDARLIÐIN OG ÍSLENDINGALIÐIN Í 3. UMFERÐ BIKARSINS**

| | ÚR LEIK |
|---|---|
| **BOLTON - WIGAN** | **1-0** |
| Eiður Smári kom inn á á 88. mínútu. | |
| **CHELSEA - WATFORD** | **3-0** |
| 1-0 Willian (58.), 2-0 Loic Remy (70.), 3-0 Kurt Zouma (72.). | |
| **YEOVIL - MANCHESTER UNITED** | **0-2** |
| 0-1 Herrera (63.), 0-2 Angel Di Maria (90.). | |
| **DOVER - CRYSTAL PALACE** | **0-4** |
| **MAN. CITY 2-1 SHEFF WED** | **2-1** |
| 0-1 Atdhe Nuihu (14.), 1-1 James Milner (66.), 2-1 James Milner (90.). | |
| **ASTON VILLA - BLACKPOOL** | **1-0** |
| 1-0 Christian Benteke (89.). | |
| **SUNDERLAND - LEEDS** | **1-0** |
| **CHARLTON - BLACKBURN** | **1-2** |
| Jóhann Berg Guðmundsson skoraði mark Charlton beint úr aukaspyrnu á 55. mínútu. | |
| **ROTHERHAM - BOURNEMOUTH** | **1-5** |
| Kári Árnason lék allan leikinn með Rotherham. | |
| **QPR - SHEFF. UTD** | **0-3** |
| **LEICESTER - NEWCASTLE** | **1-0** |
| **TRANMERE - SWANSEA** | **2-6** |
| Gylfi Þór Sigurðsson var á bekknum. Bafetimbi Gomis skoraði tvö mörk fyrir varalið Swansea. | |
| **SOUTHAMPTON - IPSWICH** | **1-1** |
| **WEST BROMWICH - GATESHEAD** | **7-0** |
| Saido Berahino skoraði fernu í leiknum. | |
| **STOKE - WREXHAM** | **3-1** |
| **ARSENAL - HULL** | **2-0** |
| 1-0 Mertesacker (20.), 2-0 Alexis Sanchez (82.). | |

# Hafa kvatt þjóðina með sigri fyrir sjö mót í röð

Strákarnir okkar í handboltalandsliðinu spila í kvöld síðasta heimaleik sinn fyrir Heimsmeistaramótið í Katar þegar þeir mæta Degi Sigurðssyni og lærisveinum hans í þýska landsliðinu í Laugardalshöllinni.

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið er á leiðinni á HM í Katar en fyrsti leikurinn á heimsmeistaramótinu er eftir aðeins ellefu daga. Í kvöld spilar liðið seinni æfingaleikinn á móti Þýskalandi sem er jafnframt síðasti heimaleikur liðsins fyrir Katarförina.

Íslenska liðið tapaði með sjö marka mun á móti Þjóðverjum í fyrri leik þjóðanna í gær, 24-31, eftir að hafa komist í 5-1 í byrjun leiks. Þýska liðið hafði mikla yfirburði í seinni hálfleiknum og íslenska liðið á mikið verk fyrir höndum á næstu dögum ætli liðið að koma sér í rétta HM-gírinn.

Strákarnir okkar hafa haldið í þá hefð undanfarin átta ár að kveðja alltaf íslensku þjóðina með sigurleik. Sú hefur verið raunin í sjö síðustu skipti þar sem íslenska handboltalandsliðið hefur spilað heimaleik í lokaundirbúningi sínum fyrir HM, ÓL eða EM. Það reynir á þessa hefð í seinni leiknum við Þýskaland í kvöld.

Íslenska landsliðið spilaði ekki heimaleik fyrir EM í Danmörku á síðasta ári en vann síðasta heimaleikinn fyrir öll stórmót sín frá 2007 til 2013.

Það þarf að fara allar götur til ársbyrjunar 2006 til að finna tapleik í síðasta heimaleik liðsins fyrir stórmót. Íslenska liðið tapaði þá tveimur síðustu heimaleikjum sínum fyrir EM í Sviss. Mótherjarnir voru reyndar ekki af verri endanum því þar fóru verðandi Evrópumeistarar Frakka sem unnu nokkrum vikum síðar undanog úrslitaleikinn á EM með samtals fjórtán mörkum.

Frá aldamótum hefur íslenska liðið aðeins tvisvar kvatt þjóðina með tapi en tíu sinnum hefur síðasti heimaleikurinn unnist. Hér til hliðar má sjá síðustu heimaleiki liðsins fyrir undanfarin stórmót. ooj@frettabladid.is



**STRÁKARNIR FÁ ANNAÐ TÆKIFÆRI Í KVÖLD** Íslenska handboltalandsliðið tapaði illa á móti Þýskalandi í Laugardalshöllinni í gær en getur bætt fyrir það í kvöld þegar liðið spilar síðasta heimaleik sinn fyrir heimsmeistaramótið í Katar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### SÍÐUSTU HEIMALEIKIR ÍSLANDS FYRIR STÓRMÓT

**HÉR ER Á ÁTT VIÐ SÍÐASTA HEIMALEIK ÍSLENSKA LANDSLIÐSINS Í LOKAUNDIRBÚNINGI LIÐSINS FYRIR STÓRMÓT.**

| | |
|---|---|
| EM 2014: | ENGINN HEIMALEIKUR |
| HM 2013: | 34-24 SIGUR Á TÚNIS |
| EM 2012: | 43-25 SIGUR Á FINNLANDI |
| HM 2011: | 31-27 SIGUR Á ÞÝSKALANDI |
| EM 2010: | 37-27 SIGUR Á PORTÚGAL |
| ÓL 2008: | 35-26 SIGUR Á SPÁNI |
| EM 2008: | 33-28 SIGUR Á TÉKKLANDI |
| HM 2007: | 34-32 SIGUR Á TÉKKLANDI |
| EM 2006: | 30-36 TAP FYRIR FRAKKLANDI |
| HM 2005: | ENGINN HEIMALEIKUR |
| ÓL 2004: | ENGINN HEIMALEIKUR |
| EM 2004: | 31-22 SIGUR Á SVISS |
| HM 2003: | 25-32 TAP FYRIR SLÓVENÍU |
| EM 2002: | 28-24 SIGUR Á ÞÝSKALANDI |
| HM 2001: | 34-10 SIGUR Á BANDAR. |
| SAMTALS: | 10 SIGRAR Í 12 LEIKJUM |

# Bæði ungir og gamlir leikmenn spila mest hjá Tindastól

Fréttablaðið skoðaði sambandið á milli spilatíma og aldurs leikmanna hjá liðunum tólf í fyrri umferð Dominos-deildar karla í körfubolta.

**KÖRFUBOLTI** Dominos-deild karla í körfubolta fer aftur af stað í þessari viku en það komu athyglisverðar niðurstöður í ljós þegar Fréttablaðið skoraði skiptingu spilatíma í fyrstu ellefu umferðunum.

Markmiðið var að finna út hjá hvaða liðum ungir leikmenn (leikmenn yngri en tvítugt) og „gamlir“ leikmenn (leikmenn 32 ára og eldri) fengu flestar mínútur inni á vellinum í fyrri umferðinni.

Svo skemmtilega vildi til að það er spænski þjálfarinn Israel Martin í hjá Tindastól sem treystir mest á unga og gamla leikmenn.

Nýliðar Tindastóls hafa slegið í gegn í vetur en liðið er í öðru sæti deildarinnar og hefur unnið 9 af fyrstu 11 leikjum sínum í Dominos-deildinni.

Í raun hafa Stólarnir aðeins misstigið sig einu sinni í deildinni til þessa því annað tapið kom í framlengdum útileik á móti hinu gríðarlega sterka KR-liði sem hefur unnið alla leiki sína. Það er aðeins stórtap á móti Haukum á Ásvöllum í desember sem slær á körfuboltagleðina á Króknum.

Tindastólsliðið er að mestu leyti skipað heimamönnum en þeir koma úr tveimur súper-kynslóðum, þeim gömlu sem eru allir fæddir í kringum 1980 og þeim ungu sem eru fæddir í kringum 1996. Þetta gerir það að verkum að enginn íslenskur leikmaður frá 21 árs til 29 ára hefur spilað eina sekúndu fyrir Stólana í fyrri umferðinni.

Haukar eru ekki langt á eftir Tindastól á listanum yfir flestar mínútur hjá ungum leikmönnum og eiga tvo leikmenn á topp sjö yfir flestar mínútur leikmanna sem voru 19 ára og yngri á árinu 2014. Grindavík á einnig tvo leikmenn meðal þeirra efstu og eru þeir báðir meðal fimm efstu. Tindastóll er aðeins með einn leikmann á topp tíu en alls hafa sjö leikmenn 19 ára og yngri fengið að spreyta sig hjá Israel Martin.

Snæfell er í 2. sætinu á eftir Stólunum á listanum yfir flestar mínútur hjá gömlu mönnunum en Hólmarar eru aftur á móti það lið þar sem ungir leikmenn hafa fengið minnst að spila. Snæfell á tvo leikmenn af þeim þremur efstu á listanum yfir þá sem spiladar mínútur hjá „gömlu“ mönnunum.

Fjölnir er síðan eina lið deildarinnar sem hefur ekki fengið eina sekúndu frá leikmanni sem er 32 ára eða eldri. Elsti maður liðsins og sá eini yfir 27 ára hefur ennfremur aðeins verið inni á vellinum í 52 sekúndur.

Nú er að sjá hvort ungu leikmennirnir hafa náð sér í nægilega reynslu og hvort þeir gömlu eigi nóg eftir á tankinum þegar nýliðarnir á Króknum mæta til leiks á nýju ári en fyrsti leikurinn er á móti Stjörnunni á fimmtudagskvöldið, liði sem er í 3. sæti á báðum listum og því ekki ólíkt uppbyggt liði Stólanna. -óój





**TUTTUGU ÁRA ALDURSMUNUR** Darrel Keith Lewis (38 ára) og Pétur Rúnar Birgisson (18 ára) eru í stórum hlutverkum hjá Stólunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### FLESTAR MÍNÚTUR HJÁ UNGUM LEIKMÖNNUM LIÐANNA

(Leikmenn fæddir 1995 og síðar - 19 ára og yngri)

| | MÍNÚTUR:SEKÚNDUR |
|---|---|
| 1. TINDASTÓLL | 654:49 |
| 2. HAUKAR | 603:2 |
| 3. STJARNAN | 563:35 |
| 4. GRINDAVÍK | 550:3 |
| 5. NJARÐVÍK | 363:49 |
| 6. FJÖLNIR | 259:57 |
| 7. KEFLAVÍK | 248:26 |
| 8. KR | 190:7 |
| 9. ÞÓR ÞORL. | 105:37 |
| 10. ÍR | 103:45 |
| 11. SKALLAGRÍMUR | 60:44 |
| 12. SNÆFELL | 39:00 |

### FLESTAR MÍNÚTUR HJÁ GÖMLUM LEIKMÖNNUM LIÐANNA

(Leikmenn fæddir 1982 og fyrr - 32 ára og eldri)

| | MÍNÚTUR:SEKÚNDUR |
|---|---|
| 1. TINDASTÓLL | 729:35 |
| 2. SNÆFELL | 658:36 |
| 3. STJARNAN | 594:43 |
| 4. NJARÐVÍK | 562:19 |
| 5. GRINDAVÍK | 541:43 |
| 6. KEFLAVÍK | 385:51 |
| 7. KR | 327:37 |
| 8. ÞÓR ÞORL. | 302:21 |
| 9. SKALLAGRÍMUR | 186:20 |
| 10. HAUKAR | 177:52 |
| 11. ÍR | 52:22 |
| 12. FJÖLNIR | 0:00 |

útsala



# HÚRRA REYKJAVÍK

**HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS**

## 2005 og 2007
### Jón Arnór Stefánsson
Jón Arnór varð tvisvar í fjórða sæti með tveggja ára millibili. Árið 2005 var hann Evrópumeistari með liði sínu Dynamo Sankti Pétursborg og valinn í byrjunarlið Evrópuúrvalsins í Stjörnuleik FIBA Europe. Árið 2007 samdi Jón Arnór við ítalska stórliðið Lottomatica Roma og spilaði fyrstur Íslendinga í Euroleague. Hann var í lykilhlutverki hjá ítalska liðinu í bæði vörn og sókn.
**Fyrir ofan 2005:** Eiður Smári Guðjohnsen (knattspyrna), Guðjón Valur Sigurðsson (handbolti) og Ásthildur Helgadóttir (knattspyrna).
**Fyrir ofan 2007:** Margrét Lára Viðarsdóttir (knattspyrna), Ólafur Stefánsson (handbolti) og Ragna Ingólfsdóttir (badminton).

4.

## 2009
### Helena Sverrisdóttir
Helena var í aðalhlutverki hjá liði TCU sem komst í úrslitakeppni háskólaboltans í Bandaríkjunum. Lykilmaður landsliðsins þar sem hún varð annar stigahæsti leikmaður B-deildar Evrópukeppninnar og sú sem gaf flestar stoðsendingar.
**Fyrir ofan:** Ólafur Stefánsson (handbolti), Eiður Smári Guðjohnsen (knattspyrna) og Þóra Helgadóttir (knattspyrna).

4.

## 2011
### Jakob Sigurðarson
Jakob varð sænskur meistari með Sundsvall. Jakob tryggði liðinu oddaleik með ævintýralegri 3 stiga körfu og í úrslitaleiknum skoraði hann 31 stig og var stigahæsti leikmaður Sundsvall. Hann komst einnig í úrvalslið Norðurlandamótsins.
**Fyrir ofan:** Heiðar Helguson (knattspyrna) og Ásdís Hjálmsdóttir (frjálsar íþróttir).

3.

## 2013
### Jón Arnór Stefánsson
Lykilmaður hjá Zaragoza-liðinu í ACB-deildinni á Spáni sem komst óvænt í undanúrslit úrslitakeppninnar. Magnaður á móti Búlgaríu í Höllinni þar sem hann skoraði 32 stig þegar íslenska liðið var aðeins hársbreidd frá því að komast áfram.
**Fyrir ofan:** Gylfi Þór Sigurðsson (knattspyrna), Aníta Hinriksdóttir (Frjálsar íþróttir) og Guðjón Valur Sigurðsson (Handbolti).

4.

## 1986
### Pétur Guðmundsson
Fékk samning hjá NBA-meisturum Los Angeles Lakers og varð um vorið fyrsti Íslendingurinn sem spilar í úrslitakeppni NBA. Pétur var varamaður miðherjans Kareem Abdul-Jabbar, og nýtti 59 prósent skota sinna í úrslitakeppninni.
**Fyrir ofan:** Eðvarð Þór Eðvarðsson (sund), Arnór Guðjohnsen (knattspyrna), Guðmundur Guðmundsson og Kristján Arason (handbolti).

5.

## 1981
### Pétur Guðmundsson
Varð fyrsti Íslendingurinn sem spilaði í NBA-deildinni þegar hann var valinn af Portland Trail Blazers í nýliðavalinu 1981. Pétur var einnig valinn besti leikmaður C-keppni Evrópumótsins í Sviss þar sem hann varð með 26,5 stig í leik. Pétur varð líka bikarmeistari með Val á árinu eftir frábæra frammistöðu í úrslitaleiknum.
**Fyrir ofan:** Kraftlyftingamaðurinn Jón Páll Sigmarsson.

2.

## 1966
### Kolbeinn Pálsson
Fyrsti körfuboltamaðurinn sem var kosinn Íþróttamaður ársins en hann var hetja íslenska körfuboltalandsliðsins í sigri á Dönum í framlengingu á Norðurlandamótinu í Danmörku. Kolbeinn stóð sig einnig afar vel með KR á móti Evrópumeisturum Simmenthal frá Míanó auk þess að vera lykilmaður á bak við Íslandsmeistaratitil KR-inga.

1.

## 1964
### Þorsteinn Hallgrímsson
Fyrsti körfuboltamaðurinn sem komst í efstu tvö sætin en þetta ár var hann langstigahæstur á Norðurlandamótinu og talinn af blaðamönnum á mótinu vera í hópi bestu leikmanna Evrópu.
**Fyrir ofan:** Handboltakonan Sigríður Sigurðardóttir.

2.



## Móðir Jóns tók við bikarnum

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson komst ekki á hóf Íþróttamanns ársins þar sem hann stóð í ströngu með spænska körfuboltaliðinu Unicaja Malaga. Jón Arnór var að spila í Euroleague á föstudagskvöldið og svo aftur í spænsku úrvalsdeildinni í gær.

Ingigerður Jónsdóttir, móðir Jóns Arnórs, tók því við verðlaunum fyrir son sinn og hreinlega dansaði með bikarinn á sviðinu enda einstaklega ánægð með sinn mann. Stefán Eggertsson og Ingigerður Jónsdóttir, foreldrar Jóns Arnórs, sjást hér að ofan á mynd Daníels Rúnarssonar með bikarinn ásamt þeim Hannesi S. Jónssyni, formanni KKÍ, og Guðbjörgu Norðfjörð, varaformanni KKÍ. -óój



**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Jón Arnór Stefánsson með eignarbikar sinn á Spáni. MYND/RAGNAR SANTOS

2014

# 48 ára bið á enda

Jón Arnór Stefánsson var valinn íþróttamaður ársins 2014 af Samtökum íþróttafréttamanna. Fréttablaðið fékk þrjá KR-þjálfara sem þekkja kappann vel til þess að segja sína skoðun á þessum frábæra leikmanni.

**KÖRFUBOLTI** Íslenski körfuboltaheimurinn var búinn að bíða í rétt tæpa hálfa öld eftir að eignast íþróttamann ársins þegar Jón Arnór Stefánsson var kosinn íþróttamaður ársins 2014 í hófi Samtaka íþróttafréttamanna á laugardagskvöldið.

Jón Arnór fékk frábæra kosningu og meira en hundrað stigum meira en næsti maður sem var knattspyrnumaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson, sem var kosinn íþróttamaður ársins í fyrra.

Jón Arnór átti frábært ár, átti stórleik þegar íslenska landsliðið tryggði sér sæti í úrslitakeppni stórmóts í fyrsta sinn og spilaði síðan með tveimur liðum í sterkustu deild í heimi. Góð frammistaða Jóns Arnórs með íslenska landsliðinu í undankeppni EM tryggði honum samning hjá Unicaja Malaga, einu besta körfuboltaliði Evrópu.

Hér á síðunni má bæði sjá yfirlit yfir það körfuboltafólk sem hefur komist næst því að vera kosið íþróttamaður ársins á þessum 48 árum sem eru liðin síðan Kolbeinn Pálsson handlék styttuna sem íþróttamaður ársins 1966.

Auk þessa fengum þrjá kunna íslenska körfuboltaþjálfara, sem þekkja Jón Arnór betur en flestir, til að segja okkur frá því hvað gerir íþróttamann ársins 2014 að svona góðum körfuboltamanni. ooj@frettabladid.is



### FINNUR FREYR STEFÁNSSON UM JÓN ARNÓR

Það er hægt að telja upp ótal kosti sem Jón Arnór hefur enda frábær íþróttamaður og sönn fyrirmynd sem hefur rutt brautina fyrir körfuboltann á Íslandi og gefið ungum leikmönnum von og trú á að komast áfram í íþróttinni. Þó svo að margir hans kostir séu vel sjáanlegir á vellinum þá er tvennt sem maður hefur tekið eftir í gegnum tíðina. Annars vegar þessi rólega ára sem honum fylgir og hins vegar aðlögunarhæfni hans. Þrátt fyrir að vera skærasta stjarnan þá mætir hann alltaf inn á gólfið sem einfaldlega einn af strákunum, algjörlega laus við alla stæla. Hann er trúr sínu og heldur fast í ræturnar hérna heima.

Jón Arnór hefur sýnt það í gegnum ferilinn að hann getur aðlagast vel þeim aðstæðum sem hann er í hverju sinni og því náð að festa sig í sessi í mörgum bestu deildum heimsins. Því miður virðist það vera fast í okkur að hampa alltaf þeim sem skora mest en íþróttalið snúast ekki bara um að skora heldur eru aðrir þættir nauðsynlegir fyrir lið til að ná árangri. Þetta veit Jón og í stað þess að reyna að baða sig alltaf í sviðsljósinu hefur hann tekið sín hlutverk og skilað þeim af sér í heimsklassa. Hvort sem það er varnarleikur eða annað þá hefur Jón sýnt það að hann á heima meðal þeirra bestu.

**– Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari Íslandsmeistara KR, er aðstoðarþjálfari landsliðsins og vann með Jóni Arnóri að því að koma Íslandi á Evrópumótið 2015.**

### BENEDIKT GUÐMUNDSSON UM JÓN ARNÓR

Jón er einn af þessum leikmönnum sem geta verið frábærir í leikjum án þess að vera með stigahæstu leikmönnum vallarins. Hann gerir svo margt sem hjálpar liðinu að vinna. Sigurviljinn sem hann smitar til samherja er einstakur hvort sem það er á æfingu eða í leik. Hann er heimsklassa varnarmaður en það gleymist oft að helmingurinn af leiknum fer fram á þeim vallarhelmingi. Leiðtogahæfileikar hans hafa aukist með aldri og reynslu. Á Spáni hefur hann tekið að sér að vera sá leikmaður sem límir liðið saman. Þess vegna segir tölfræði hans aðeins hálfa söguna þegar frammistaða hans er metin. Leikmenn eins og hann eru ómetanlegir og er sigurhlutfall liðsins besta tölfræðin yfir frammistöðu Jóns. Þegar í landsliðið er komið fer hann síðan í súpermannbúninginn og þá fær fólk að sjá betur alla þá hluti sem hann er fær um að framkvæma.

**– Benedikt Guðmundsson þjálfaði Jón Arnór þegar hann varð Íslandsmeistari síðast árið 2009 en Benedikt þjálfaði líka Jón upp alla yngri flokkana hjá KR og hafði mikil áhrif á það að hann valdi körfuboltann fram yfir fótboltann á sínum tíma.**



### INGI ÞÓR STEINÞÓRSSON UM JÓN ARNÓR

Ég er ótrúlega stoltur fyrir hönd svo margra sem koma að ferli Jóns Arnórs. Jón Arnór er magnaður persónuleiki sem kemur frá einstæðu fólki og er ára hans jákvæð og sterk. Jón Arnór hefur alla tíð verið vel liðinn af samherjum og einnig mótherjum þar sem hann hefur bæði kunnað að sigra og einnig að tapa. Jón Arnór er gríðarlega góður íþróttamaður og á þeim tíma sem hann byrjaði að mæta hjá Benedikt var hann á fullu í knattspyrnu. Honum fannst karfan skemmtilegri og sem betur fer þá náðum við í KR að gera verkefni liðanna hans það spennandi að hann einbeitti sér eingöngu að körfunni. Jón Arnór og hans lið tóku þátt í keppni við eldri og var Jón alltaf áhugasamari við þá leiki, meiri keppni. Við förum utan til að setja meiri áskorun á liðið og ekki síst Jón Arnór en það sem gerir hann að svona frábærum íþróttamanni er að hann átti alltaf nóg inni til að bæta við sig þegar að áskoranirnar voru meiri. Jón Arnór er fjörugur og skemmtileg persóna sem allir sækjast eftir að verða samferða.

**– Ingi Þór Steinþórsson þjálfaði Jón Arnór þegar hann varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn vorið 2000 en Ingi Þór hefur verið annaðhvort þjálfari eða aðstoðarþjálfari á öllum tímabilum Jóns Arnórs í meistaraflokki KR.**

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

TDK HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 74% AFSLÆTTI

JBL BLUETOOTH HÁTALARAR MEÐ ALLT AÐ 60% AFSL.

HEIMABÍÓ MEÐ ALLT AÐ 54% AFSLÆTTI

SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

YAMAHA HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

HTC SNJALLSÍMAR MEÐ ALLT AÐ 46% AFSLÆTTI

| 39“ SJÓNVARP | 55“ 3D SNJALLSJÓNVARP | 40“ SNJALLSJÓNVARP |
|---|---|---|
| FULLT VERÐ 109.990 | FULLT VERÐ 379.990 | FULLT VERÐ 149.990 |
| TILBOÐ 59.990 | TILBOÐ 149.990 | TILBOÐ 69.990 |
| FINLUX AFSL. 50.000 | TOSHIBA AFSL. 230.000 | TOSHIBA AFSL. 80.000 |

LG sjónvörp með allt að 500.000 kr. afslætti

42“ LG sjónvörp frá kr. 79.990

48“ Panasonic ULTRA HD sjónvörp frá kr. 229.990

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 13-18 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl. 20.25**
**Dulda Ísland**
Vandaðir nýir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland. Hann skoðar helstu perlur landsins ásamt því að fara á leynda staði sem mætti kalla hið Dulda Ísland.





**The Mindy project**
**STÖÐ 2 KL. 19.20** Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástalífinu. Mindy er ungur læknir á uppleið en rómantíkin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.



**Landsleikur í handbolta karla (Ísland – Þýskaland)**
**RÚV KL. 19.20** Bein útsending frá öðrum vináttulandsleik Íslands og Þýskalands í ferð Þjóðverja hingað til lands. Leikurinn fer fram í Laugardalshöll og er hluti af undirbúningi íslenska karlalandsliðsins fyrir heimsmeistaramótið í Katar.



**The Tonight Show**
**SKJÁR EINN KL. 22.30** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsæla The Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet.

**Bylgjan kl. 10.00**
**Ívar Guðmunds**
Ívar mætir ferskur þessa fyrstu viku ársins og byrjar hana með góðri tónlist.



## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** 2 Broke Girls
**08.50** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Fókus
**10.40** Höfðingjar heim að sækja
**11.00** Suits
**11.45** Falcon Crest
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.45** American Idol
**15.10** ET Weekend
**16.00** Villingarnir
**16.25** Loonatics Unleashed
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**Ítarlegt** veðurfréttayfirlit.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Mindy Project
**19.40** Mike and Molly
**20.00** Friends With Better Lives *(10.13)* Glæný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru að fóta sig í lífinu. Allir eru vinirnir á ólíkum stöðum í lífinu og allir halda þeir að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi.
**20.25** Dulda Ísland
**21.10** Peaky Blinders Vandaðir þættir sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjallar um harðsvírað glæpagengi sem ræður þar ríkjum.
**22.10** Rush
**22.55** The Strain
**23.40** Drinking Buddies
**01.10** American Reunion
**03.00** Scream 4
**04.50** Dulda Ísland
**05.35** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Yeovil - Man. Utd.
**08.40** Arsenal - Hull
**12.20** Tranmere Rovers - Swansea
**14.05** Yeovil - Man. Utd.
**15.45** Arsenal - Hull
**17.30** Real Sociedad - Barcelona
**19.15** Spænsku mörkin
**19.45** AFC Wimbledon - Liverpool Bein útsending
**21.50** Valencia - Real Madrid
**23.30** AFC Wimbledon - Liverpool

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.40** Aston Villa - Sunderland
**14.25** QPR - Crystal Palace
**16.05** Stoke - WBA
**17.45** Premier League World 2014
**18.15** Stoke - Man. Utd.
**20.00** Premier League Review
**20.55** Man. City - Sunderland
**22.40** Southampton - Chelsea
**00.20** Premier League Review

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

## STÖÐ 3

**17.05** Wipeout
**17.50** My Boys
**18.15** One Born Every Minutes UK
**19.00** The Amazing Race
**19.45** The Goodwin Games
**20.10** Mind Games
**20.55** The Glades
**21.40** Vampire Diaries
**22.20** Pretty little liars
**23.05** Treme
**00.00** Southland
**00.45** The Amazing Race
**01.30** The Goodwin Games
**01.50** Mind Games
**02.35** The Glades
**03.15** Vampire Diaries
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Brunabílarnir **07.22** Latibær **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Ben **10 08**.25 Lína langsokkur **08.47** Tommi og Jenni **08.53** Tom and Jerry (chuck jones) **09.00** Dóra könnuður **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.45** Mamma Mu **10.55** UKI **11.00** Brunabílarnir **11.22** Latibær **11.44** Ævintýraferðin **12.00** Ben **12.22** Lína langsokkur **12.47** Tommi og Jenni **12.53** Tom and Jerry (chuck jones) **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.48** Mamma Mu **14.55** UKI **15.00** Brunabílarnir **15.22** Latibær **15.44** Ævintýraferðin **16.00** Ben **16.22** Lína langsokkur **16.47** Tommi og Jenni **16.53** Tom and Jerry (chuck jones) **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.48** Mamma Mu **18.55** UKI **19.00** Rauðhetta... með nýju bragði **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.25** Strákarnir
**18.55** Friends
**19.20** 2 Broke Girls
**19.40** Modern Family
**20.05** Two and a Half Men
**20.25** Sjálfstætt fólk
**21.00** The Americans
**21.45** Sisters
**22.35** The Tudors
**23.30** The Blacklist
**00.10** Grimm
**00.55** Sjálfstætt fólk
**01.25** The Americans
**02.10** Sisters
**03.00** The Tudors
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.50** 10 Years
**12.30** 42
**14.35** Dying Young
**16.25** 10 Years
**18.05** 42
**20.10** Dying Young
**22.00** Brubaker
**00.10** The Rum Diary
**02.05** Dream House
**03.35** Brubaker

## RÚV

**16.35** Skólaklíkur
**17.20** Tré-Fú Tom
**17.42** Um hvað snýst þetta allt?
**17.47** Loppulúði, hvar ertu?
**18.00** Undraveröld Gúnda
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Rétt viðbröð í skyndihjálp
**18.30** Ferðastiklur – þá og nú Eldri svipmyndum úr sjónvarpsþáttum Ómars Ragnarssonar er hér blandað saman á skemmtilega hátt við ný myndbrot úr Ferðastiklum. Lára Ómarsdóttir rifjar þannig upp eftirminnilega staði á förnum vegi með föður sínum og fléttar saman tímana tvenna.
**19.00** Fréttir og veður
**19.20** Landsleikur í handbolta karla *(Ísland-Þýskaland)* Bein útsending frá öðrum vináttulandsleik Íslands og Þýskalands í ferð Þjóðverja hingað til lands. Leikurinn fer fram í Laugardalshöll.
**21.35** Sjónvarpsleikhúsið
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hringborðið
**23.05** BB King: Lífshlaup Rileys Heimildamynd um goðsögnina, blúskónginn og gítarleikarann B.B. King. Meistarinn opnar sig um erfiða æsku og hvernig lífsbaráttan mótaði hann sem tónlistarmann. Sögumaður er Morgan Freeman. e.
**01.05** Fréttir
**01.20** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Family Guy
**14.15** Jane the Virgin
**14.55** Top Gear Special. James May's Cars of the People
**15.45** Judging Amy
**16.25** Design Star
**17.10** The Good Wife
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Rules of Engagement
**20.10** Hotel Hell
**21.00** Hawaii Five-0 Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum.
**21.45** CSI Vinsælasta spennuþáttaröð frá upphafi þar sem Ted Danson fer fyrir harðsvíruðum hópi rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**22.30** The Tonight Show
**23.15** The Good Wife
**00.00** Elementary
**00.45** Hawaii Five-0
**01.30** CSI
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014
**13.25** PGA Tour 2014
**19.05** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





HK Living körfustóll
25% afsláttur




HK Living barstóll
30% afsláttur




HK Living snagar
20% afsláttur

Mikið úrval af fallegum hönnunarvörum.
Fáðu sent heim að dyrum.

Snúran

www.snuran.is
vefverslun S: 537-5101

# GLÆNÝ ÝSUFLÖK

## LÍNUÝSA



# FISKI-BOLLUR

2 FYRIR 1 2 KG = 1.650 kr. poki



# KINNAR

2 FYRIR 1

2 KG = 1.150 kr.



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755



Lok til á lager:
Stærðir:
174x217 cm
200x200 cm
210x210 cm
217x217 cm
220x220 cm
217x235 cm
235x235 cm
8 hyrnd lok,
(passar á Unaðskel)

Lokin þola 1.000 kg snjóþunga.

# LOK Á HEITA POTTA

## HITAVEITUSKELJAR 1250 - 1600 LÍTRAR









# HEITIRPOTTAR.IS

SÍMI
777 2000

**BÍÓMYNDIN**



**„Chocolat með Johnny Depp og Judi Dench. Mér þykir þessi mynd ótrúlega falleg, ævintýraleg og mannleg, hún höfðar til mín.“**

Ellen Kristjánsdóttir tónlistarkona.

# Dreymir um meðaljón á vegg listasafns

## Ljósmyndasamkeppnin #KOMASVO sem fer fram á Facebook vekur athygli á myndlistarsýningu í ASÍ.

„Myndirnar sem eru að koma inn eru mjög ólíkar og koma úr ólíkum áttum en það er einmitt það sem við viljum – að fá fólk til þess að taka þátt sem við myndum aldrei búast við að tæki þátt,“ segir Íris Stefanía Skúladóttir um ljósmyndasamkeppni #KOMASVO sem fer fram á Facebook þessa dagana.

Íris er framkvæmdastýra hópsins #KOMASVO sem skipaður er af sex listamönnum sem opna sýningu undir sama nafni 31. janúar í Listasafni ASÍ.

„Sýningin er samsýning sex listamanna en það sem er verið að skoða er samband myndlistar, markaðs og íþrótta. Samkeppnin kom til vegna þess að við tengjum hana við „hæpið“ sem er til dæmis í kringum íþróttir en #KOMASVO spilar inn í markaðshugsunina að „massa þetta“ og „fá flest læk“. Við tengjum það frekar við markað og íþróttir en nokkurn tímann myndlistarsýningu. Við erum ekki að gera grín að íþróttum, markaðnum eða hæpi almennt, heldur viljum bara skoða það í þessu sambandi okkar,“ segir Íris.



**ÍRIS STEFANÍA SKÚLADÓTTIR**

„Með ljósmyndasamkeppninni viljum við gefa öllum tækifæri til þess að sýna í virtu listasafni,“ segir að lokum í tilkynningu frá listamönnunum sex en ljósmyndin sem hreppir fyrsta sætið verður prentuð út risastór og gefin til safneignar ASÍ. Þá verða fleiri vegleg verðlaun í boði fyrir sigurvegarana.

- þij



**MYNDIRNAR MEÐ FLEST „LÆK“ Í AUGNABLIKINU** Frá efra vinstra horni: Myndir eftir Árna Jónsson, Andra Sigurð Haraldsson, Fritz Hendrik IV og Sólveigu Eir Stewart.




# Förðunarfræðingur Lady Gaga til Íslands

## Förðunarmeistarinn Orlando Santiago er væntanlegur hingað til lands í vikunni.

Förðunarmeistarinn Orlando Santiago er væntanlegur til landsins en hann verður með viðburð fyrir förðunarfræðinga og áhugafólk um förðun föstudaginn 9. janúar á Rúbín. Þar mun hann sýna hvernig hann farðar stjörnurnar og svara spurningum um förðun og snyrtivörur.

Santiago hóf feril sinn hjá snyrtivörudeild Christian Dior. Síðan þá hefur hann meðal annars séð um förðun í myndböndum Lady Gaga síðustu þrjú ár, unnið fyrir frönsku útgáfu tímaritsins Vogue, starfað hjá snyrtivörurisanum MAC til fjölda ára og var yfir teyminu sem hannar förðunarlínur þeirra. Að auki er hann með sinn eiginn förðunarskóla.

Förðunarfræðingurinn Bryndís Kristofer sá um komu hans til landsins. Hún kynntist Santiago á The Makeup Show, einum stærsta förðunarviðburði og -sýningu í heimi fyrir fagfólk. „Ég bý í Orlando og fór á sýninguna þar og hitti Santiago, en hann var að kenna. Við náðum svo vel saman að ég bauð honum að koma til landsins og halda smá námskeið,“ segir Bryndís.

Hún lærði förðun árið 2012 hjá MOOD Makeup School á Íslandi og þaðan fór hún til Parísar að læra augabrúnasérfræði og starfar sem slík í Orlando í dag.

„Það er mikill heiður að fá hann til landsins þar sem flestir förðunarfræðingar af þessari gráðu eru ekki að kenna lengur. Hann byrjar á því að sýna nokkrar gerðir förðunar og svo ætlar hann að svara spurningum, svo það er um að gera að vera tilbúinn með spurningar handa honum,“ segir Bryndís.

Í framhaldi af námskeiðinu hér heima vonast þau til þess að geta flutt The Makeup Show til Skandinavíu, en verið er að skoða að halda sýninguna í Danmörku.



**BRYNDÍS** Er spennt að fá Santiago til landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það er ekkert sambærilegt þessari sýningu í Skandinavíu, svo við vonumst til þess að geta farið með þetta lengra og að námskeiðið hér verði kveikjan að meiru. Það yrði gott fyrir þennan bransa og myndi auka samskiptin og styrkja tengslanetið á milli förðunarfræðinga,“ segir Bryndís. Viðburðurinn er haldinn á Rúbín, hefst klukkan 19.00 og kostar 4.500 krónur inn.

adda@frettabladid.is



**STÓRT NAFN Í FÖRÐUNARHEIMINUM** Förðunarmeistarinn Orlando Santiago.

# Flytur til Denver og klárar plötu

## Tónlistarkonan Sigurlaug Gísladóttir, Mr. Silla, ætlar að yfirgefa Ísland um stund.

„Ég ætla aðeins að skreppa og verð í þrjá mánuði í senn en kem svo aðeins heim á milli,“ segir tónlistarkonan Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt undir listamannsnafninu Mr. Silla. Hún er að flytja til Bandaríkjanna, nánar tiltekið Denver í Colorado, og fer út 10. janúar.

„Það eru spennandi tímar fram undan,“ segir Sigurlaug. Hún hefur þó aldrei komið til borgarinnar áður og því mikil tilhlökkun fyrir nýju ævintýri.

Sigurlaug ætlar að einbeita sér að tónlistinni í Bandaríkjunum. „Ég er að leggja lokahönd á nýja plötu og kem til með að klára hana úti.“ Hún er jafnframt fyrsta sólóplata Sigurlaugar. „Ég hef gefið út nokkrar plötur en þær hafa verið svona samstarfsplötur, Mr. Silla & Mongoose og með Múm,“ bætir Sigurlaug við.

→ Sigurlaug ætlar að halda kveðjutónleika í Mengi þann 8. janúar næstkomandi.

Hún syngur öll lögin og leikur einnig á flest hljóðfærin sem á plötunni eru. „Mike Lindsay pródúserar plötuna og spilar einnig inn á hana. Tyle Ludwick spilar á gítar.“ Það liggur þó ekki fyrir hvenær platan kemur út.

- glp



**FLYTUR TIL ÚTLANDA** Tónlistarkonan Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt sem Mr. Silla, kveður Ísland í bili.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Meat Loaf
BAT OUT OF HELL
OG TÓNLIST JIM STEINMAN
RIGG VIÐBURÐIR
DAGUR SIGURÐSSON EIRÍKUR HAUKSSON ERNA HRÖNN FRIÐRIK ÓMAR
HEIÐA ÓLAFS MATTI MATT STEFANÍA SVAVARS STEFÁN JAKOBS
MIÐASALA ER HAFIN
WWW.HARPA.IS
WWW.MIDI.IS
S: 528-5050
BAT OUT OF HELL
HOLDING OUT FOR A HERO
TWO OUT OF THREE AINT BAD
IT'S ALL COMING BACK TO ME NOW
YOU TOOK THE WORDS RIGHT OUT OF MY MOUTH
PARADISE BY THE DASHBOARD LIGHT
I'D DO ANYTHING FOR LOVE
OG FLEIRI STÓRSMELLIR EFTIR
JIM STEINMAN
LOKASÝNING Í HÖRPU
ELDBORG - HARPA
7. FEBRÚAR 2015 KL. 20:00
LOKASÝNING Í HOFI, AKUREYRI
21. FEBRÚAR 2015 KL. 20:00
MIÐASALA Á WWW.MENNINGARHUS.IS
OG Í SÍMA 450-1000
TROMMUR BENEDIKT BRYNLEIFSSON BASSI RÓBERT ÞÓRHALLSSON GÍTAR KRISTJÁN GRÉTARSSON GÍTAR EINAR ÞÓR JÓHANNSSON PÍANÓ KARL O. OLGEIRSSON
HLJÓMBORÐ HARALDUR SVEINBJÖRNSSON SLAGVERK DIDDI GUÐNASON SAXÓFÓNN STEINAR SIGURÐARSON NÓTUR OG FORRITUN ÞÓRIR ÚLFARSSON BÚNINGAMEISTARI
REBEKKA INGIMUNDARDÓTTIR HLJÓÐMEISTARI HAFFI TEMPÓ LJÓSAMEISTARI HELGI STEINAR GRAFÍK OG KLIPPING FRIÐRIK ÓMAR SVIÐSMEISTARI HAUKUR HENRIKSEN
STJÓRNANDI FRIÐRIK ÓMAR

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Verk Steinunnar prýða vínflöskur

Verk myndhöggvarans **Steinunnar Þórarinsdóttur** prýða nú rauðvínsflöskur kanadíska vínframleiðandans Mission Hill. Þetta er röð af sérstökum „listamannavínum“ sem gefin voru út í tilefni af sýningu Steinunnar, Encounters with Iceland, sem stendur nú yfir í Mission Hill-víngarðinum í Bresku Kólumbíu. Um er að ræða 20 ljósmyndir af verkum Steinunnar en þau prýða flöskur af dýrindis Cabernet Sauvignon Shiraz frá árinu 2012. Þetta er líklega í fyrsta skipti sem verk eftir íslenskan listamann prýða vínflöskur en hægt er að fá þær beint frá víngarðinum. - þij



### Stjörnumaðurinn og FH-ingurinn

Það ríkti gleði þegar **Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra afhenti Finni Árnasyni, forstjóra Haga, viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins á dögunum. Um leið og Finnur tók við verðlaununum sagði hann að þetta væri forsmekkurinn að því sem koma skyldi á árinu. Stjörnumaður myndi veita FH-ingi verðlaun. Bjarni er sem kunnugt er Garðbæingur og mikill stuðningsmaður Stjörnunnar og gladdist þegar liðið hampaði Íslandsmeistaratitlinum í sumar. Finnur er hins vegar Hafnfirðingur. - jhh



## Mest lesið Vísir

1 Þrír hjartalæknar sögðu upp störfum fyrir áramót
2 Alvarleg líkamsárás í miðbænum
3 Umræðan á Twitter eftir Íþróttamann ársins
4 „Ég get ímyndað mér að þetta hafi bara verið eins og að vera í stórskotahríð“
5 Jón Arnór: Er betri manneskja í dag




